

# Allianz Lebensversicherungs AG

## Skilmálar Ævilífeyrir Allianz\*

Kæri viðskiptavinur.

Eftirfarandi er þýðing á tryggingarskilmálum Allianz (E70) Leben (líf-og lífeyristryggingar). Þýðandi er Veturliði Guðnason, lögg. skjalaþýðandi í þýsku.

Skilmálarnir kveða á um reglur fyrir ýmsa þætti. Það merki að við tiltekna aðstæður eiga ekki öll eftirfarandi ákvæði við tryggingarsamning þinn. Í sumum tryggingarsamningum, (t.d. innan hópsamninga), þarf að breyta eða auka við einstök ákvæði skilmálanna. Slíkar breytingar eða viðbætur eru prentaðar í lok þessara skilmála eða birtir sérstaklega í “Sérstökum skilmálum”.

Eftir að umsókn þín um Ævilífeyri Allianz hefur verið samþykkt í Þýskalandi berst þér í hendur tryggingarskírteini ásamt frumtexta skilmálans (blátt hefti). Á Íslandi er enn sem komið er ekki boðið upp á jafn fjölbreytta þætti og gert er í Þýskalandi og á því ekki allur textinn við Ævilífeyri Allianz. Nánari tilgreining á þáttum tryggingar þinnar kemur fram í tryggingarskírteininu.

Við viljum vekja athygli þína á að um samning þennan gilda viðeigandi ákvæði laga nr. 139/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerðar nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar. Inneign og tekjur vegna hennar lúta gildandi skattalögum á hverjum tíma. Að öðru leyti gilda almennir tryggingarskilmálar (E70) fyrir Leben og Renten lífeyristryggingar Allianz Lebensversicherungs-AG Þýskalandi. Skilmálar og reglur lífeyristryggingarinnar (E70) sem og ákvæði samnings þessa eru grundvöllur samnings réttthafa við Allianz Lebensversicherungs-AG Þýskalandi..

Allar frekari upplýsingar veitum við þér fúslega.

Með kærri kveðju  
frá tryggingarfélaginu þínu

Allianz á Íslandi  
Skaftahlíð 24,  
105 Reykjavík  
S: 595-3300,  
fax 595-3350

Skilmálar þessir eru þýðing úr þýsku; ef mismunur er á þýska textanum og þeim íslenska gildir þýski textinn.

## Almennir tryggingarskilmálar fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir - E 70

Efnisyfirlit

§ 1	Hvað er tryggt?	3
§ 2	Hvað gerist ef hinn samtryggði deyr meðan á biðtíma stendur ef eftirlífendalífeyrir er innifalinn?	3
§ 3	Hvenær geturðu valið höfuðstól í stað lífeyris?	3
§ 4	Hvenær geturðu valið tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?	4
§ 5	Hvernig geturðu haft lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma sveigjanlega?	5
§ 6	Hvenær á biðtímanum geturðu bætt við eftirlífendalífeyrisþætti án læknisskoðunar?	6
§ 7	Hvernig geturðu breytt greiðslum við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun?	6
§ 8	Hvenær geturðu bætt við umönnunarbótaþætti við lífeyrisgreiðslubyrjun?	7
§ 9	Hvenær hefst tryggingarverndin?	7
§ 10	Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldagreiðslu?	7
§ 11	Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?	8
§ 12	Hve lengi er hægt að fresta iðgjaldagreiðslu vaxtalaust vegna atvinnuleysis?	8
§ 13	Hvernig geturðu breytt iðgjaldagreiðslu- og/eða biðtíma?	8
§ 14	Hvenær geturðu haft trygginguna iðgjaldsfría?	9
§ 15	Hvenær geturðu sagt tryggingunni upp?	10
§ 16	Hvenær geturðu komið upprunalegri tryggingarvernd aftur á eftir að þú hefur haft trygginguna iðgjaldsfría?	11
§ 17	Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?	11
§ 18	Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna- sýkla- eða efnavopna/efna?	12
§ 19	Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?	12
§ 20	Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?	12
§ 21	Hvað felst í tryggingarskírteininu?	13
§ 22	Hvað gildir um tilkynningar sem varða tryggingarsambandið?	13
§ 23	Hver fær tryggingargreiðslurnar?	13
§ 24	Hvernig er kostnaður við samningsgerð dreginn af iðgjöldum þínum?	14
§ 25	Fyrir hvað getum við kafið þig sérstaklega um kostnað?	14
§ 26	Hvernig færð þú hlutdeild í hagnaði okkar?	14
§ 27	Hvaða réttarreglur gilda um samning þinn?	15
§ 28	Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?	15
Breytingar og viðbætur við “Almenna tryggingarskilmála” fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir		16

---

## § 1. Hvað er tryggt?

---

(1) Lifi hinn tryggði eða lifi allir hinir tryggðu umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við tryggðan lífeyri meðan hinn tryggði eða minnst einn hinna tryggðu lifir. Við greiðum lífeyrinn samkvæmt samningi árlega, á hálfis árs fresti, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, fyrsta virka dag eftir umsaminn gjald-daga.

(2) Falli hinn tryggði frá eða einn hinna tryggðu áður en lífeyrisgreiðsla hefst greiðum við höfuðstól sem nemur 25.000 € ef andlátíð verður innan fyrstu þriggja mánaðanna eftir fæðingu barns hins tryggða eða eins hinna tryggðu eða innan fyrstu þriggja mánaðanna eftir að hinn tryggði eða einn hinna tryggðu ættleiðir ófullveðja einstakling. Upphæð greiðslu úr öllum þáttum að meðtöldum greiðslum úr hagnaðarhlutdeild nemur þó að minnsta kosti 60% af samanlagðri upphæð iðgjalda, sem samið var um fyrir heildartímabil allra tryggingarþátta, að undanteknum þáttunum örorkulífeyri, barnlífeyri og umönnunarbótum. Ef um fjölbura fæðingar eða ættleiðingu fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni. Ef þú tilkynnir okkur fæðinguna eða ættleiðinguna skriflega innan þriggja mánaða lengist þessi andláts-tryggingarvernd í samtals sex mánuði.

(3) Hafir þú samið um iðgjaldsendurgreiðslu og falli hinn tryggði frá áður en lífeyrisgreiðsla hefst endurgreiðum við iðgjöldin fyrir ellilífeyrisþáttinn en ekki iðgjöld fyrir aðra þætti sem hugsanlega eru innifaldir.

(4) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og ekki innifalið eftirlífendalífeyri eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og deyi hinn tryggði á lífeyrisgreiðslutímanum greiðum við umsaminn höfuðstól að frádregnum þeim lífeyri sem tryggður er frá lífeyrisgreiðslubyrjun og þegar hefur verið greiddur. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.

(5) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og innifalið eftirlífendalífeyri eftir lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við umsaminn höfuðstól við andlát þess sem lengst lifir (hins tryggða eða hins samtryggða) að frádregnum einum þeim ellilífeyri sem tryggður er frá lífeyrisgreiðslubyrjun fyrir hvern lífeyrisgreiðslugjald-daga sem sá hefur lifað sem lengst lifði. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.

(6) Við veitum þér hlutdeild í hagnaði okkar (sjá reglur í § 26).

---

## § 2. Hvað gerist ef hinn samtryggði deyr meðan á biðtíma stendur ef eftirlífendalífeyrir er innifalinn?

---

(1) Hafir þú samið um eftirlífendalífeyri og deyi hinn samtryggði á biðtímanum á undan hinum tryggða er ellilífeyrisþættinum breytt. Frá þeirri stundu er iðgjaldsendurgreiðsla við andlát hins tryggða innifalinn (§ 1 töluliður (3)). Ellilífeyririnn sem breytist við það er reiknaður út samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Um það gilda þær þáttareglur sem það varða.

(2) Eftir andlát hins samtryggða geturðu þó einnig valið:

- að hafna iðgjaldsendurgreiðslu við andlát hins tryggða  
- að taka inn nýjan þátt, höfuðstól við andlát, í stað iðgjaldsendurgreiðslu við andlát hins tryggða.

Umsóknina verður þú að leggja fram í síðasta lagi þremur mánuðum eftir andlát hins samtryggða.

Við veitum þér upplýsingar um forsendur og áhrif ef óskað er.

---

## § 3. Hvenær geturðu valið höfuðstól í stað lífeyris?

---

(1) Lifi hinn tryggði eða lifi allir hinir tryggðu umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun getur þú fengið tryggðan höfuðstól í stað tryggðs lífeyris ef þú sækir um það í tæka tíð.

Um umsóknarfrestinn gildir:

Þú verður að leggja umsóknina fram í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

Þú verður þó að leggja umsóknina fram í síðasta lagi þremur árum fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun ef þú hefur hvorki samið um iðgjaldsendurgreiðslu né eftirlífendalífeyri né höfuðstól við andlát.

Greiðir þú iðgjöld jafnóðum og byrji umsamin lífeyrisgreiðsla 12 árum og fimm mánuðum eftir gerð tryggingarsamningsins eða seinna geturðu þó í fyrsta lagi sótt um tryggðan höfuðstól þegar liðin eru 12 ár frá samningsgerðinni. Um tryggingar með iðgjaldagreiðslu jafnóðum þar sem umsamin lífeyrisgreiðsla hefst fyrr en 12 árum og 5 mánuðum en þó ekki fyrr en 12 árum eftir samningsgerð gildir að umsóknina er í fyrsta lagi hægt að leggja fram fimm mánuðum fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

(2) Þú getur líka valið að fá aðeins hluta tryggðs höfuðstóls útborgaðan. Um það gilda sömu umsóknarfrestir og tilgreindir eru í 1. tölulið. Frá umsaminni lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við þá tryggðan lífeyri samkvæmt § 1 sem er skertur um það prósentuhlutfall sem samsvarar útborguðum hluta tryggða höfuðstólsins. Forsenda fyrir útborgun hluta tryggða höfuðstólsins er: Tryggði lífeyririnn, sem eftir verður, þarf að nema minnst 300 € á ári.

(3) Með útborgun alls tryggða höfuðstólsins við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun fellur elli-lífeyrisþátturinn niður.

Ef fleiri þættir eru innifaldir, gildir:

-Þáttur eftirlifendalífeyris frá lífeyrisgreiðslubyrjun fellur niður. Með útborgun hluta tryggða höfuðstólsins fellur þáttur eftirlifendalífeyris frá lífeyrisgreiðslubyrjun niður um sama prósentuhlutfall og tryggði höfuðstóllinn er greiddur út.

-Í báðum tilfellum höldum við umönnunarbótaþætti áfram án iðgjalda.

(4) Þú getur líka valið að fá höfuðstól útborgaðan þegar lífeyrisgreiðsla hefur þegar

hafist að því tilskildu að höfuðstólsgreiðsla við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun sé tryggð. Í því tilfalli geturðu farið fram á það á hverjum lífeyrisgreiðslugjaldadaga að fá greiddan höfuðstól sem nemur þágildandi verðgildi tryggingar þinnar, reiknað eftir grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar (skv. § 176 VVG). Þá eru dregnar frá 50 € sem þykir hæfilegt.

Útgreiddur höfuðstóll má þó ekki vera hærri en höfuðstólsgreiðsla við andlát á þessum tíma. Ef þágildandi verðgildi með frádrætti er ekki hærri fellur tryggingin niður. Annars er tryggingunni haldið áfram að því tilskildu að tryggður elli-lífeyrir nemi minnst 300 € á ári. Meðtryggður höfuðstóll fyrir andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun fellur þó niður. Tryggður elli-lífeyrir, tryggður eftirlifendalífeyrir, barnalífeyrir og tryggðar umönnunarbætur skerðast samkvæmt þáttareglum sem um það gilda.

(5) Hafir þú flýtt greiðslum samkvæmt § 5 tölulið 1 getur þú fengið höfuðstólsgreiðslu í stað tryggðs lífeyris ef gætt er tímatakmarkana sem nefndar eru í tölulið 1. Hún takmarkast við þá upphæð sem greidd yrði við andlát á þeim tíma sem flýtt lífeyrisgreiðsla hefst eða á greiðslutíma. Ef önnur verðmæti eru til ráðstöfunar vegna takmörkunarinnar er einnig myndaður höfuðstóll úr þeim (þar er tekið tillit til innifalins eftirlifendalífeyris) sem greiddur er út við upphaflega umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun. Með útborgun höfuðstóls á greiðslutíma sem hefur verið flýtt falla allir þættir niður. Ef umönnunarbótaþáttur er innifalinn höldum við honum áfram án iðgjalda. Þá mega umönnunarbæturnar ekki vera lægri en lágmarksupphæð sem nemur 600 € á ári, annars fellur umönnunarbótaþátturinn úr gildi þegar kemur að greiðslutímanum sem var flýtt.

---

#### § 4. Hvenær geturðu valið tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?

---

(1) Fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun geturðu valið lífeyri sem aðeins er greiddur í tiltekinn tíma („tímabundið“). Þú getur valið lífeyrisgreiðslutíma tímabundins lífeyris. Hann verður þó að vera minnst 10 og mest 15 ár. Við greiðum tímabundinn tryggðan lífeyri svo lengi sem hinn tryggði lifir, í mesta lagi út umsamin lífeyrisgreiðslutíma. Tímabundinn tryggður lífeyrir er hærri en umsamin ævilangur lífeyrir. Hæðin ákvarðast af þáttareglunum sem um það gilda.

(2) Hafi fleiri en einn verið tryggðir til þessa með framtíðarlífeyri getur þú, sem hinn tryggði, ákveðið annan hinna tveggja tryggðu með tímabundna lífeyrinn. Lífeyrisgreiðslubyrjun, lífeyrisgreiðsluháttur og gjald dagar

fyrir tímabundinn lífeyri helst allt óbreytt eins og upphaflega var samið um fyrir ævilangan lífeyri.

(3) Tímabundinn lífeyrir er alltaf tengdur við tryggða höfuðstólsgreiðslu við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun. Um það gilda ákvæði í § 1 tölulið 4.

(4) Tímabundinn lífeyri verður þú að sækja um í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

(5) Þótt þú veljir að fá hluta tryggðs höfuðstóls útborgaðan samkvæmt § 3 tölulið 2 getur þú líka farið fram á að fá tímabundinn lífeyri í stað þess tryggða lífeyris sem eftir

verður. Upphæð hans er reiknuð út eins og í § 3 tölulið 2. Að öðru leyti gilda töluliðir 1 til 3 og lágmarksupphæðir í § 3.

(6) Þegar greiðsla tímabundins lífeyris hefst fellur aukalegur eftirlifendalífeyrisþáttur niður.

Við það hækkar tímabundni lífeyririnn. Við höldum aukalegum umönnunarbótaþætti áfram án iðgjalda. Farið er eftir þeim þáttareglum sem gilda við lífeyrisgreiðslubyrjun.

---

## § 5. Hvernig geturðu haft lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma sveigjanlegan?

---

### (1) Greiðslum flýtt

Þú getur flýtt umsaminni lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma um allt að 5 ár.

Forsendur þess eru:

- Hinn tryggði eða einn hinna tryggðu verður að hafa náð 55 ára reikningsaldri<sup>1</sup> á greiðslutímanum sem var flýtt.

- Umsóknina verður að leggja fram að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir umbeðna lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma.

Um lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma sem er flýtt gilda sömu samningsgerðarmöguleikar og gilda fyrir upphaflega umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun (einkum § 3 töluliður 5 og § 4; t.d. takmarkast flýtt höfuðstólsgreiðsla við andlátsgreiðslu).

Við það að lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma er flýtt lækkar tryggður lífeyrir, tryggður höfuðstóll og tímabundinn tryggður lífeyrir samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Þá má skertur heildarlífeyrir (að meðtalinni hagnaðarhlutdeild) ekki vera lægri en lágmarksupphæð sem nemur 300 € á ári.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- Inniföldu þættirnir eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun, höfuðstóll við andlát, höfuðstóll við andlát af slysförum og örorkubætur falla niður þegar kemur að lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma sem var flýtt. Ef greiddar eru örorkubætur á þessum tíma haldast þær óskertar.

- Um innifalinn eftirlifendalífeyrisþátt frá lífeyrisgreiðslubyrjun gildir að greiðslur lækka samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Samband eftirlifendalífeyris frá lífeyrisgreiðslubyrjun og höfuðstólsgreiðslu við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun við tryggðan ellilífeyri breytist ekki þótt greiðslum sé flýtt. Nýi eftirlifendalífeyririnn frá lífeyrisgreiðslu-

byrjun má ekki vera lægri en lágmarksupphæðin 300 €.

- Við höldum umönnunarbótaþætti áfram án iðgjalda. Þá mega umönnunarbætur ekki vera lægri en lágmarksupphæð sem nemur 600 € á ári, annars falla umönnunarbætur niður þegar kemur að greiðslutíma sem var flýtt. Ef greiddar eru örorkubætur á þessum tíma haldast þær óskertar.

### (2) Greiðslum frestað

Þú getur frestað umsaminni lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma einu sinni eða oftar um allt að 5 ár.

Forsendur fyrir því eru:

- Hinn tryggði eða einn hinna tryggðu verður að hafa náð 55 ára reikningsaldri<sup>1</sup> á upphaflega umsömdum greiðslutíma.

- Á nýja greiðslutímanum má hinn tryggði eða allir hinir tryggðu í hæsta lagi hafa náð 75 ára reikningsaldri<sup>1</sup>.

Iðgjöld af iðgjaldsskyldum tryggingum er hægt að greiða áfram meðan á framlengdum biðtíma stendur. Við það að lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma er frestað hækkar tryggður lífeyrir, tryggður höfuðstóll eða tímabundinn lífeyrir og höfuðstóll sem tryggður er við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- Eftirlifendalífeyrisþáttum er einnig frestað. Við það breytast greiðslurnar. Samband eftirlifendalífeyris við tryggðan ellilífeyri breytist ekki við frestunina.

Hafir þú samið um eftirlifendalífeyri fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun sem nemur meira en 100% tryggðs ellilífeyris verður eftirlifendalífeyririnn skertur í 100% á framlengda biðtímanum. Umsaminn höfuðstóll við andlát eftir upphaf eftirlifendalífeyris fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun breytist.

- Örorkulífeyrisþætti er ekki frestað.

- Meðtryggðum höfuðstól við andlát er haldið áfram eftir frestunina sem nemur hinum nýja tryggða höfuðstóli.

---

<sup>1</sup> Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingar – þá er aldursári sem er hafid en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættum liðnum biðtíma.

- Greiðslur annarra innifalinnna þátta hækka í sama hlutfalli og tryggði lífeyririnn.  
Um breytingar á greiðslum gilda þáttareglur sem það varða.  
Um frestun lífeyrisgreiðslu eða greiðslutíma gilda sömu samningsgerðarmöguleikar og um

upphaflega umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun (einkum § 3 og § 4).  
Eftir að lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma hefur verið frestað getur þú aftur flýtt lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma. Töluliður 1 gildir, eftir því sem við á, en þriggja mánaða fresturinn, sem þar er nefndur, gildir þó ekki.

---

## § 6. Hvenær á biðtímanum geturðu bætt við eftirlifendaframfærslubætti án læknisskoðunar?

---

(1) Ef hvorugur eftirlifendaframfærslubáttanna höfuðstóll við andlát eða eftirlifendalífeyrir við andlát á biðtímanum er innifalinn í tryggingu þinni getur þú bætt öðrum þessara þátta við á biðtímanum án læknisskoðunar.

Forsendur þess eru:

- Hinn tryggði eða allir hinir tryggðu eru ekki komnir yfir 40 ára reikningsaldur.<sup>1</sup>
- Ekki eru liðin 10 ár frá samningsgerðinni.
- Hinn tryggði eða hinir tryggðu eru ekki óvinnufærir.
- Ekki er um að ræða tryggingu innan ramma ellilífeyris fyrirtækis eða hóprýggingar félags.
- Okkur er tilkynnt um einn eftirfarandi atburða innan 6 mánaða frá því hann gerist:
  - Fæðing barns hins tryggða eða eins hinna tryggðu eða hinn tryggði eða einn hinna tryggðu ættleiðir ófullveðja einstakling.
  - Hinn tryggði eða einn hinna tryggðu byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem það krefst aðildar að fagfélagi eða ráði.
  - Hinn tryggði eða einn hinna tryggðu lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífínu.
  - Hinn tryggði eða einn hinna tryggðu tekur lán til að fjármagna fasteign til eigin nota að andvirði minnst 100.000 €.

Fyrir viðbætur eftir á gilda eftirfarandi takmörk:

---

<sup>1</sup> Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingar – þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættum liðnum biðtíma.

a) fyrir þáttinn höfuðstóll við andlát  
- Minnst 60% heildarupphæðar umsaminnna iðgjalda fyrir allan tímann fyrir alla þætti að undanteknum þáttunum örorkulífeyri, barnalífeyri og umönnunarbótum.  
- Mest 50.000 € tryggður höfuðstóll við andlát.

b) fyrir þáttinn eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun:  
- Minnst 20% tryggðs ellilífeyris  
- Mest 60% tryggðs ellilífeyris  
- Mest 6.000 € tryggður lífeyrir á ári til eftirlifendaframfærslu.

Viðbót þáttanna höfuðstóll við andlát og eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun fer eftir þáttareglum sem um það gilda. Sérstaklega fellur burt áður umsamin iðgjalds-endurgreiðsla við andlát.

(2) Ásamt eftirlifendalífeyri fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun samkvæmt tölulið 1 getur þú líka innifalið eftirlifendalífeyri frá lífeyrisgreiðslubyrjun. Þú átt líka kost á að bæta við eftirlifendalífeyri frá lífeyrisgreiðslubyrjun eftir á, ef eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun hefur þegar verið tryggður.

Eftirlifendalífeyrir frá lífeyrisgreiðslubyrjun má hvorki vera hærri en eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun né tryggður ellilífeyrir.

Viðbót þáttarins eftirlifendalífeyrir frá lífeyrisgreiðslubyrjun fer eftir þáttareglum sem um það gilda.

---

## § 7. Hvernig geturðu breytt greiðslum við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun?

---

(1) Umsamda höfuðstólsgreiðslu við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun geturðu hækkað eða lækkað án nýrrar læknisskoðunar. Um umfang mögulegra breytinga gilda takmörk sem fara m.a. eftir umsömdum aldri við lífeyrisgreiðslubyrjun og meðallífslíkum. Við veitum upplýsingar um takmarkanirnar ef óskað er.

(2) Við tryggingar þar sem þátturinn eftirlifendalífeyrir eftir lífeyrisgreiðslubyrjun er ekki innifalinn geturðu bætt slíkum þætti við lok biðtímans. Eftirlifendalífeyririnn má ekki vera hærri en tryggður ellilífeyrir við lífeyrisgreiðslubyrjun. Læknisskoðun er ekki nauðsynleg. Um þetta gilda þær þáttareglur sem það varða.

(3) Þú getur hafnað umsaminni höfuðstóls-greiðslu við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og inniföldum eftirlífendalífeyrisþætti frá lífeyrisgreiðslubyrjun og farið þess í stað fram á greiðslu áunnins tryggðs höfuðstóls frá lífeyrisgreiðslubyrjun að frádregnum tryggðum lífeyri frá lífeyrisgreiðslubyrjun sem þegar hefur verið greiddur. Slík breyting er aðeins möguleg ef þú gætir fengið tryggðan höfuðstól í stað tryggðs lífeyris við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun og tryggingin væri ekki fjármagnstekjuskattsskyld við útborgun tryggðs höfuðstóls.

(4) Fyrir breytta höfuðstólsgreiðslu við andlát samkvæmt tölulið 1 kann að verða nauðsynlegt að greiða einstaka viðbótargreiðslu. Upphæðin fer eftir þáttareglum sem um það gilda. Ef höfuðstólsgreiðsla við andlát er lækkuð eða þú vilt ekki greiða nauðsynlega einstaka greiðslu breytist tryggður lífeyrir og innifalinn eftirlífendalífeyrir einnig samkvæmt þáttareglum sem um það gilda.

Fyrir umsókn um breytingu samkvæmt töluliðum 1 til 3 verður þú að virða sömu fresti og tilgreindir eru í § 3 tölulið 1.

---

## § 8. Hvenær geturðu bætt við umönnunarbótaþætti við lífeyrisgreiðslubyrjun?

---

Ef umönnunarbótaþáttur er ekki innifalinn í tryggingu þinni geturðu bætt honum við þegar lífeyrisgreiðsla hefst án nýrrar læknisskoðunar.

Forsendur þess eru:

- Hinn tryggði eða allir hinir tryggðu eru ekki komnir yfir 70 ára reikningsaldur<sup>1</sup> þegar lífeyrisgreiðsla hefst.
- Ekki er um að ræða tryggingu innan ramma ellilífeyris fyrirtækis eða hóprzyggingar.

Umsókn um að bæta við umönnunarbótaþætti verður þú að leggja fram í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun.

Fyrir tryggðar umönnunarbætur sem bætt er við eftir á gilda eftirfarandi takmarkanir:

- Árleg hámarksupphæð 24.000 €
- Mest jafnháar og tryggður ellilífeyrir
- Ásamt með inniföldum eftirlífendalífeyri frá lífeyrisgreiðslubyrjun, mest jafnhár og 1,5-faldur tryggður ellilífeyrir.

Við það að bætt er við umönnunarbótaþætti lækkar tryggður ellilífeyrir samkvæmt þáttareglum sem um það gilda. Meðtryggður höfuðstóll við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun (§ 7 töluliður 1) má ekki vera hærri en tífaldur (skertur) tryggður ellilífeyrir. § 7 töluliður 2 gildir ekki.

---

## § 9. Hvenær hefst tryggingarverndin?

---

Tryggingarverndin hefst þegar þú hefur greitt fyrsta eða einstakt iðgjald (innlausnariðgjald) og við höfum samþykkt umsókn þína skriflega eða með afhendingu tryggingarskrteinis.

Engin tryggingarvernd er þó fyrir það upphaf tryggingar sem tilgreint er í tryggingarskrteininu.

---

## § 10. Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldagreiðslu?

---

(1) Þú getur samið um það hvort þú greiðir iðgjöldin af tryggingu þinni í einu lagi (eingreiðsla) eða með iðgjöldum jafnóðum fyrir hvert tryggingartímabil. Eftir því hvernig samið er um iðgjaldagreiðslur er tryggingartímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár.

(2) Innlausnariðgjaldið gjaldfellur strax eftir gerð tryggingarsamningsins en þó ekki fyrir upphaf tryggingarinnar sem tilgreint er í tryggingarskrteininu. Öll frekari iðgjöld (framhaldsiðgjöld) gjaldfalla við upphaf hvers umsamins tryggingartímabils.

(3) Sending iðgjalda þinna fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

(4) Iðgjald er þá aðeins hægt að greiða tryggingaumboðsmanni ef hann leggur fram iðgjaldsreikning sem við höfum gefið út.

(5) Þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur drögum við frá vangreidd iðgjöld ef einhver eru.

---

## § 11. Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?

---

(1) Til þess að iðgjald teljist greitt á réttum tíma nægir að þú hafir í tæka tíð gert allt til þess að við fáum iðgjaldið. Ef samið var um að iðgjaldið væri innheimt af reikningi (skuldfærsla) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og þú mótmælir ekki réttmætri innheimtu. Hafi ekki verið hægt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar skriflega. Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að innheimta iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslu-kerfisins. Hafi verið samið um mánaðarlega iðgjaldgreiðslu breytum við henni í þessu tilviki í ársfjórðungslega greiðslu.

(2) Ef þú greiðir innlausnariðgjaldið ekki á réttum tíma getum við – svo lengi sem greiðsla hefur ekki farið fram – rift samningnum. Það telst riftun ef við berum ekki kröfu okkar um innlausnariðgjaldið fram fyrir rétti innan þriggja mánaða frá gjalddaga.

(3) Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma færðu skriflega greiðsluáskorun frá okkur á þinn kostnað. Þar gefum við þér minnst tveggja vikna greiðslufrest. Greiðir þú ekki skuldina innan gefins frests fellur tryggingarverndin niður eða skerðist. Í greiðsluáskoruninni bendum við greinilega á þessi réttaráhrif.

---

## § 12. Hve lengi er hægt að fresta iðgjaldgreiðslu vaxtalaust vegna atvinnuleysis?

---

(1) Hafi samningurinn þegar staðið í 3 ár og þú verður atvinnulaus geturðu farið fram á vaxtalaus greiðslufrestun framhaldsiðgjaldanna. Við frestum iðgjaldgreiðslunum svo lengi sem þú ert atvinnulaus en þó ekki lengur en eitt ár. Meðan á gjaldfrestinum stendur helst tryggingarverndin að fullu.

Verðir þú atvinnulaus oftar en einu sinni er hægt að fresta iðgjaldgreiðslunum að nýju í hvert sinn. Samtals frestum við iðgjaldgreiðslum í hæsta lagi í 24 mánuði á öllum samningstímanum.

(2) Til sönnunar atvinnuleysis þurfum við vottorð frá svæðismiðlun. Fáir þú aftur atvinnu verður þú að tilkynna okkur það tafarlaust.

(3) Iðgjöldin, sem frestað var, verður þú að greiða að gjaldfrestinum liðnum í einni upphæð.

---

## § 13. Hvernig geturðu breytt iðgjaldgreiðslu- og/eða biðtíma?

---

### (1) Stytting iðgjaldgreiðslutíma og/eða biðtíma

Ef iðgjöld eru greidd jafnóðum af tryggingu geturðu stytt iðgjaldgreiðslutímamann og/eða biðtímamann um heil ár. Hafir þú innifalið þáttinn höfuðstól við andlát með lægri tryggðum höfuðstól en tryggðum höfuðstól til ellilífeyris getur þú aðeins stytt iðgjaldgreiðslu- og biðtíma sameiginlega og í sama mæli.

Við styttingu hefurðu eftirtalda möguleika:

- Eigi tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll að haldast óbreyttir hækka iðgjöld sem greidd eru jafnóðum.

-Eigi iðgjald að haldast óbreytt lækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll. Í þessu tilviki lækka greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

- Eigi bæði iðgjald, tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll að haldast óbreytt verður þú að inna af hendi viðbótargreiðslu. Þennan möguleika hefur þú þó ekki ef þú hefur innifalið þáttinn höfuðstól við andlát með lægri tryggðum höfuðstól en tryggðum höfuðstól til ellilífeyris.

Nýja iðgjaldið, nýi tryggði lífeyririnn og nýi tryggði höfuðstóllinn og viðbótargreiðslan ef við á eru reiknuð út eftir grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Biðtíminn sem eftir er má ekki fara niður fyrir 5 ár. Í undantekningartilvikum, t.d. þegar um er að ræða ellilífeyri fyrirtækis og jafnræðisreglan kemur í veg fyrir að þessi frestur sé settur er einnig mögulegt að eftir verði styttri biðtími.

### (2) Lenging iðgjaldgreiðslutímans

Ef iðgjaldagreiðslutími tryggingar þinnar er styttri en biðtíminn og þú greiðir iðgjöld jafnóðum getur þú lengt iðgjaldagreiðslutímamann.

Forsendur fyrir því eru:

- Lengingin er möguleg einu sinni og þegar eftir upphafleg lok iðgjaldagreiðslu um allt að 5 árum en þó ekki lengur en til umsaminna loka biðtímans.
- Heilsufarsástand hins tryggða eða allra hinna tryggðu þegar samningnum er breytt verður að leyfa gerð samnings um nýja samsvarandi tryggingu eftir samþykktarreglum okkar án örðugri skilyrða.
- Hinn tryggði eða allir hinu tryggðu mega ekki hafa náð 50 ára reikningsaldri<sup>1</sup> við

<sup>1</sup> Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingar – þá er aldursári sem er hafið en ekki

upphaflega umsamin lok iðgjaldagreiðslutímans.

Við lenginguna hækka tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll frá upphaflegum lokum iðgjaldagreiðslutímans. Greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

Nýi tryggði lífeyririnn, nýi tryggði höfuðstóllinn og greiðslur úr öðrum þáttum eru reiknuð út eftir grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

---

lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættum liðnum biðtíma.

---

## § 14. Hvenær geturðu haft trygginguna iðgjaldsfría?

(1) Við lok tryggingartímabils geturðu látið leysa þig undan iðgjaldsgreiðsluskyldu.

Í þessu tilviki lækjum við tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól til ellilífeyris eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar. Upphæðin úr tryggingu þinni sem er til ráðstöfunar til að mynda iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól sætir þá frádrætti sem talinn er hæfilegur (§ 174 VVG).

Ef trygging er iðgjaldsfrí á fyrri helmingi umsamins iðgjaldsgreiðslutíma nemur frádrátturinn 50 € og við það bætist ef biðtíminn er:

allt að 10 árum	1,1%
frá 11 árum til 24 ára	0,9%
yfir 25 ár	0,7%

af mismuni milli meðaltals tryggðs höfuðstóls undanfarins tryggingatíma og heildarupphæð iðgjalda sem greidd voru uns tryggingin varð iðgjaldalaus.

Ef trygging er iðgjaldsfrí á seinni helmingi umsamins iðgjaldsgreiðslutíma er prósentustigið sem gildir fyrir tryggingu þína við útreikning frádráttar lækkað. Prósentustigið lækkar frá ári til árs um sömu stærðargráðu uns það nær núll prósentum við lok umsamins iðgjaldsgreiðslutíma.

Ef iðgjaldsgreiðslutími er styttri en biðtími í tryggingu þinni eru ofanefnd prósentustig lækkuð um hlutfall iðgjaldsgreiðslutímans við biðtímamann.

Frádrátturinn fellur niður á síðasta tryggingarári. Ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu hafa náð minnst 55 ára reikningsaldri<sup>1</sup> fellur frádrátturinn einnig niður innan síðustu 5 ára biðtímans.

Reiknað er til loka tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

(2) Þú getur þó aðeins haldið tryggingu þinni áfram iðgjaldsfríri ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir nær árlegri lágmarksupphæð sem nemur 200 € og iðgjaldsfrír tryggður höfuðstóll nær lágmarksupphæð sem nemur 2.000 €. Annars fellur tryggingin niður og endurkaupsvirði (§ 15) – ef eitthvað er – er greitt út.

(3) Að hafa tryggingu þína iðgjaldsfría hefur ókosti. Í byrjun tryggingartímans er enginn iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir og enginn iðgjaldslaus tryggður höfuðstóll fyrir hendi vegna gjaldfærslu samningsgerðarkostnaðar með Zillmeraðferð (sjá § 24). Einnig á næstu árum eru ekki endilega fjármunir sem nema innborguðum iðgjöldum fyrir hendi til að mynda iðgjaldslausan tryggðan lífeyri og iðgjaldslausan tryggðan höfuðstól. Nánari upplýsingar um

---

<sup>1</sup> Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingar – þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættum liðnum biðtíma.

iðgjaldslausan tryggðan lífeyri og iðgjaldslausan tryggðan höfuðstól færðu í tryggingar-

skírteininu þínu.

## § 15. Hvenær geturðu sagt tryggingunni upp?

(1) Þú getur sagt tryggingu þinni upp skriflega fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun á eftirfarandi tíma:

- iðgjaldsskyldum tryggingum í lok tryggingartímabils
- iðgjaldsfríum tryggingum um næstu mánaðamót.

(2) Segir þú upp tryggingu þinni og þátturinn höfuðstóll við andlát er innifalinn greiðum við endurkaupsvirðið – ef til er. Það er reiknað út eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar fyrir lok yfirstandandi tryggingartímabils sem þágildandi verðgildi tryggingar þinnar (§ 176 VVG).

(3) Við útreikning endurkaupsvirðis er hæfileg upphæð dregin frá (§ 176 VVG).

Ef tryggingin er iðgjaldsskyld þegar henni er sagt upp er frádrátturinn jafnhár og hann væri fyrir að breyta henni í iðgjaldsfría tryggingu á sama tíma.

Ef tryggingin er iðgjaldsfrí þegar henni er sagt upp nemur frádrátturinn 50 €.

Frádrátturinn fellur niður á síðasta ári biðtímans. Ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu hafa náð minnst 55 ára reikningsaldri<sup>1</sup> fellur frádrátturinn einnig niður innan síðustu 5 tryggingarára fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

Frá endurkaupsvirðinu sem þannig er ákveðið dragast einnig vangoldin iðgjöld.

(4) Segir þú upp tryggingu þinni og þátturinn höfuðstóll við andlát er ekki innifalinn gildir eftirfarandi:

- Hafir þú ekki samið um iðgjaldsendurgreiðslu og ekki um eftirlífendalífeyri og greiðir iðgjöld jafnóðum fellum við niður iðgjöld af tryggingu þinni samkvæmt § 14 tölulið 1. Ef iðgjaldalaus tryggður lífeyrir er lægri en 300 € á ári eða iðgjaldalaus tryggður höfuðstóll lægri en 3000 € greiðum við þess í stað endurkaupsvirðið útreiknað samkvæmt töluliðum 2 og 3.

<sup>1</sup> Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingar – þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættum liðnum biðtíma.

- Hafir þú samið um iðgjaldsendurgreiðslu reiknum við út endurkaupsvirðið samkvæmt töluliðum 2 og 3. Ef það er hærra en iðgjaldsendurgreiðslan væri við andlát á uppsagnartímanum greiðum við iðgjaldsendurgreiðsluna. Tryggður höfuðstóll er lækkaður, hann er reiknaður út eftir þáttareglum sem gilda um það við samningsgerðina. Ef samningur er án höfuðstólsgreiðsluréttar og eftir verður tryggður höfuðstóll lægri en 3000 € eða tryggður lífeyrir lægri en 300 € á ári greiðum við einnig út endurkaupsvirðið sem eftir er og tryggingin fellur niður. Annars er tryggingunni haldið áfram iðgjaldalaus með þeim tryggða höfuðstól sem eftir er eða þeim tryggða lífeyri sem eftir er.

- Hafir þú samið um eftirlífendalífeyri fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun reiknum við út endurkaupsvirðið samkvæmt töluliðum 2 og 3. Ef það er hærra en tuttugufalt ársiðgjald nefnds eftirlífendalífeyris greiðum við þetta tuttugufalda ársiðgjald. Tryggður höfuðstóll er lækkaður, hann er reiknaður út eftir þáttareglum sem gilda um það við samningsgerðina.

- Hafi ekki verið samið um eftirlífendalífeyri frá lífeyrisgreiðslubyrjun er tryggingunni haldið áfram iðgjaldalaus svo lengi sem hinn tryggði lifir. Lifi hann umsamda byrjun framtíðarlífeyrisgreiðslu greiðum við út lækkaðan tryggðan höfuðstól og tryggingin fellur niður.

- Hafi verið samið um eftirlífendalífeyri frá lífeyrisgreiðslubyrjun er tryggingunni haldið áfram iðgjaldalaus svo lengi sem hinn tryggði eða hinn samtryggði lifir. Tryggðum höfuðstól er skipt í sama hlutfalli og var milli framtíðarlífeyris og eftirlífendalífeyris frá lífeyrisgreiðslubyrjun fyrir uppsögnina. Tryggða höfuðstóllinn sem þannig samsvarar framtíðarlífeyrinum greiðum við ef hinn tryggði lifir umsamda byrjun framtíðarlífeyrisgreiðslu, hinn hluta tryggða höfuðstólsins greiðum við ef hinn samtryggði lifir þann tíma. Þar með fellur tryggingin niður.

(5) Hafir þú ekki samið um iðgjaldsendurgreiðslu og ekki um eftirlífendalífeyri fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun og tryggingin er iðgjaldsfrí og þátturinn höfuðstóll við andlát er ekki innifalinn getur þú ekki sagt tryggingunni upp.

(6) Uppsögn tryggingar þinnar hefur ókosti. Í byrjun tryggingartímans er ekkert endurkaupsvirði fyrir hendi vegna gjaldfærslu samningsgerðarkostnaðar með Zillmeráðferð (sjá § 24).

Næstu ár getur endurkaupsvirðið líka verið minna en heildarupphæð greiddra iðgjalda.

Nánari upplýsingar um endurkaupsvirði færðu í tryggingarskírteininu þínu.

---

## § 16. Hvenær geturðu komið upprunalegri tryggingarvernd aftur á eftir að þú hefur haft trygginguna iðgjaldsfría?

---

(1) Innan 6 mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí geturðu farið fram á það að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslna verði tryggðar greiðslur hækkaðir án læknisskoðunar upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef fleiri þættir eru innifaldir er skilyrði við endurupptöku iðgjaldsgreiðslna

- ef örorkubótaþáttur er innifalinn að hinn tryggði sé ekki ófær til starfs eða óvinnufær
- ef umönnunarbótaþáttur er innifalinn að hinn tryggði sé ekki umönnunarþurfi
- ef barnaframfærsluþáttur er innifalinn að hinn tryggði sé ekki umönnunarþurfi og að hinn tryggði forsjáradili sé hvorki látinn né óvinnufær.

(2) Einnig eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí en þó aðeins innan tveggja ára geturðu farið fram á það að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslna verði tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll hækkaðir upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna fæðingarorlofs getur fresturinn, milli þess sem tryggingin varð iðgjaldsfrí og endurheimtar upphaflega gildandi tryggingarverndar, líka verið lengri en 2 ár; endurheimtin verður þó að eiga sér stað í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá lokum fæðingarorlofs.

Forsenda fyrir endurheimt tryggingarverndar sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí er að heilsufarsástand hins tryggða eða allra hinna tryggðu þegar samningnum er breytt mundi leyfa gerð samnings um nýja samsvarandi tryggingu eftir samþykktarreglum okkar án örðugri skilyrða.

(3) Iðgjöldin fyrir iðgjaldalausá tímann geturðu greitt eftir á. Í stað þess er einnig hægt að lækka tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól eða þú getur greitt hærri iðgjöld jafnóðum.

Hærri iðgjöld jafnóðum eða lægri tryggður lífeyrir og lægri tryggður höfuðstóll ákvarðast eftir þáttareglum sem gilda um það við endurheimt.

---

## § 17. Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

---

(1) Við tökum á okkur tryggingarverndina í trausti þess að þú hafir svarað öllum spurningum í tengslum við tryggingarumsóknina sannleikanum samkvæmt og undandrátta-laust (tilkynningaskylda fyrir samningsgerð). Það gildir sérstaklega um spurningarnar um núverandi og fyrri veikindi, heilsufarstruflanir og kvilla, og um atvinnu hins tryggða eða eins hinna tryggðu.

(2) Eigi að tryggja líf annars einstaklings er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönnum og undandráttalausum svörum við spurningunum.

(3) Ef aðstæður sem skipta máli fyrir töku tryggingarinnar eru ekki eða ekki rétt tilgreindar af þinni hálfu eða hins tryggða eða eins hinna tryggðu (sbr. tölulíð 2) getum við rift samningnum innan þriggja ára frá gerð tryggingarsamnings þíns og einnig eftir lok þess frests komi til bótaskyldu á fyrstu þremur árunum. Við getum þó aðeins lýst yfir riftun

innan eins mánaðar eftir að við fengum vitneskju um brot á tilkynningaskyldunni; vitneskja miðlara jafngildir ekki vitneskju okkar.

Ef okkur er sannað að rangar eða ófullkomnar upplýsingar hafi ekki verið saknæmar verður riftun okkar ógild.

Ef við höfum lýst yfir riftun eftir að kom til bótaskyldu helst greiðsluskylda okkar ef okkur er sannað að aðstæður sem voru ekki eða ranglega tilgreindar hafi ekki haft nein áhrif á að til bótaskyldu kom eða upphæð greiðslu okkar.

(4) Við getum einnig véfengt tryggingarsamninginn ef vísvitandi og viljandi hafa verið höfð áhrif á samþykktarákvörðun okkar með röngum eða ófullkomnum upplýsingum. Ef um er að ræða upplýsingar hins tryggða eða eins hinna tryggðu getum við véfengt samninginn gagnvart þér þótt þú hafir ekki haft vitneskju

um brotið á tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð.

(5) Töluliðir 1 til 4 gilda einnig um upplýsingar sem gefa skal vegna breytingar sem eykur greiðsluskyldu okkar eða þegar tryggingunni er komið á aftur. Við breytingu eða endurheimt tryggingarinnar hefst þriggja ára fresturinn samkvæmt tölulið 3, málsgrein 1, þá að nýju hvað varðar breytta eða endurheimta hlutann.

(6) Ef tryggingin er felld úr gildi vegna riftunar eða véfengingar greiðum við endurkaupsvirðið samkvæmt § 15.

---

## **§ 18. Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna- sýkla- eða efnavopna/efna?**

---

(1) Meginreglan er að greiðsluskylda okkar helst óháð því hvaða orsök veldur bótaskyldunni. Við veitum einnig sér í lagi tryggingarvernd ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Við andlát hins tryggða eða eins hinna tryggðu í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði takmarkast greiðsluskylda okkar úr ellilífeyrisþættinum og úr inniföldum þætti höfuðstól við andlát þó við útborgun reiknaðs endurkaupsvirðis á dánardegi, svo fremi sem það yrði greitt við uppsögn á sama tíma (§ 15). Frádráttur samkvæmt § 15 tölulið 3 fer ekki fram.

Þessi takmörkun greiðsluskyldu okkar fellur niður ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu lætur lífið í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði sem hann lenti í meðan hann dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskalands og tók ekki virkan þátt í.

(7) Hafir þú ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst tryggingarþegi hafa umboð til þess, að þér látnum, að taka við riftunar- eða véfengingaryfirlýsingu. Ef enginn tryggingarþegi er fyrir hendi eða reynist ekki hægt að finna aðsetur hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

(3) Við fráfall hins tryggða eða eins hinna tryggðu í beinu eða óbeinu samhengi við notkun kjarna- sýkla- eða efnavopna af ásettu ráði eða notkun eða losun geislavirkra, líf-fræðilegra eða kemískra efna af ásettu ráði takmarkast greiðsluskylda okkar við útborgun reiknaðs endurkaupsvirðis á dánardegi, ef notkunin eða losunin stefndi að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu. Frádráttur samkvæmt § 15 tölulið 3 fer ekki fram. Töluliður 2 helst ósnortinn.

(4) Gildi takmörkun greiðsluskyldu okkar við fráfall hins tryggða samkvæmt tölulið 2 eða tölulið 3 lækka greiðslur úr inniföldum eftirlifendalífeyrisþáttum niður í þá upphæð sem við getum leitt af þávirði án frádráttar á dánardegi reiknuðu eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar (samkvæmt § 176 tölulið 3 VVG).

---

## **§ 19. Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?**

---

(1) Við sjálfsvíg greiðum við ef 3 ár eru liðin frá gerð tryggingarsamningsins eða endurheimt tryggingarinnar (§ 16).

(2) Við sjálfsvíg fyrir lok þriggja ára frestsins helst tryggingarverndin aðeins ef okkur er sannað að vígið hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa vilja-

ákvörðun eða undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga. Annars greiðum við reiknað endurkaupsvirði á dánardegi (§ 15), í hæsta lagi umsamda greiðslu við andlát samkvæmt samningi. Frádráttur samkvæmt § 15 tölulið 3 fer ekki fram.

---

## **§ 20. Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?**

---

(1) Þegar krafist er greiðslu samkvæmt tryggingarsamningnum getum við krafist þess að tryggingarskírteinið sé lagt fram og opinbert vottorð um fæðingardag hins tryggða eða allra hinna tryggðu.

(2) Ef tryggingargreiðslu er ekki krafist vegna andláts hins tryggða eða eins hinna tryggðu getum við fyrir hverja greiðslu krafist

opinbers vottorðs á okkar kostnað um að hinn tryggði sé enn á lífi.

(3) Andlát hins tryggða eða eins hinna tryggðu ber að tilkynna okkur tafarlaust. Auk gagnanna sem tilgreind eru í tölulið 1 ber að senda okkur opinbert dánarvottorð þar sem tilgreindur er aldur og fæðingarstaður. Lífeyrisgreiðslur sem tekið er við í heimildarleysi ber að endurgreiða okkur.

(4) Sé eftirlífendalífeyrisþáttur innifalinn eða hafir þú samið um iðgjaldsendurgreiðslu ber að auki að senda okkur eftirtalin gögn:

a) ef tryggingin er án læknisskoðunar: vottorð um dánarorsök

b) ef tryggingin er með læknisskoðun: nákvæmt vottorð læknis eða embættis um dánarorsök og um byrjun og feril sjúkdómsins sem dró hinn tryggða eða einn hinna tryggðu til dauða.

(5) Til að sannreyna greiðsluskyldu okkar getum við krafist frekari nauðsynlegra sannana og sjálf gert nauðsynlegar rannsóknir. Kostnað sem tengist gagnaöflun ber sá sem krefst tryggingargreiðslunnar.

(6) Við yfirfærum greiðslu okkar til móttökuréttihafa á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins tekur móttökuréttihafinn einnig áhættuna sem tengist því.

---

## § 21. Hvað felst í tryggingarskírteininu?

---

(1) Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til þess að hafa umráð yfir réttindum samkvæmt tryggingar-samningnum, sérstaklega að taka við greiðslum. En við getum krafist þess að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

(2) Í þeim tilvikum sem tilgreind eru í § 23 tölulið 4 þurfum við aðeins að viðurkenna réttarsönnunina ef við höfum móttekið skriflega tilkynningu fyrri réttihafa.

---

## § 22. Hvað gildir um tilkynningar sem varða tryggingarsambandið?

---

(1) Tilkynningar sem varða yfirstandandi tryggingarsamband verða alltaf að vera skriflegar. Tilkynningar ætlaðar okkur öðlast gildi um leið og þær berast okkur. Tryggingaráðgjafar hafa ekki umboð til að taka við þeim.

bréfburði án breytingar pósthafans. Það gildir einnig ef þú hefur tekið trygginguna í atvinnufyrirtæki þínu og þú hefur flutt aðsetur fyrirtækisins.

(2) Breytingu á heimilisfangi þínu verður þú að tilkynna okkur tafarlaust. Annað gæti komið þér illa því við getum sent viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt. Í því tilviki öðlast yfirlýsing okkar gildi á þeim tíma þegar hún hefði borist þér með reglulegum

(3) Um breytingu á nafni þínu gildir töluliður 2 sömuleiðis.

(4) Ef þú dvelur langdvölum erlendis ættir þú, líka eigin hagsmuna vegna, að tilnefna mann sem býr innanlands og hefur umboð til að taka við tilkynningum okkar til þín (póstfulltrúa).

---

## § 23. Hver fær tryggingargreiðslurnar?

---

(1) Greiðslurnar samkvæmt tryggingarsamningnum innum við af hendi til þín sem tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan einstakling sem á að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum þegar til bótaskyldu kemur (tryggingarþegi). Þangað til að bótaskyldu kemur getur þú endurkallað rétt tryggingarþegans hvenær sem er.

anlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína er aðeins hægt að nema þennan rétt tryggingarþegans úr gildi með samþykki þess sem þú tilgreindir.

(2) Þú getur kveðið skýrt á um að tryggingarþeginn eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum strax og órif-

(3) Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt tryggingarsamningnum.

(4) Veiting og afturköllun tryggingarþegaréttar og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt tryggingarsamningnum öðlast aðeins og fyrst þá gildi gagnvart okkur þegar fyrreverandi tryggingarþegi hefur tilkynnt okkur um

það skriflega. Fyrirverandi tryggingarþegi er yfirleitt þú; en það geta líka verið aðrir ef þú

hefur gert slíkar ráðstafanir áður.

---

## § 24. Hvernig er kostnaður við samningsgerð dreginn af iðgjöldum þínum?

---

(1) Gerð tryggingarsamninga hefur kostnað í för með sér. Þessi svonefndi samningskostnaður (§ 43 töluliður 2 í “Reglugerð um reikningsfærslu tryggingarfélaganna”) er reiknaður með í gjaldskránni. Hann er ekki gjaldfærður sérstaklega heldur millifærður af iðgjöldunum.

(2) Við tryggingarsamning þinn er beitt millifærsluáðferð samkvæmt § 4 Bótasjóðsreglugerðarinnar (Zillmeráðferð). Þá eru fyrstu iðgjöldin notuð til að greiða samningskostnaðinn. Upphæðin sem greiða skal takmarkast samkvæmt áður nefndri Bótasjóðsreglugerð við

4% iðgjaldanna sem þér ber að greiða á samningstímanum.

Þessi millifærsluáðferð hefur engin áhrif á umsamda tryggingarvernd. Hún helst að fullu frá byrjun. Greiðsla kostnaðarins við gerð samnings þíns veldur þó því að fyrst um sinn eru engir fjármunir fyrir hendi til að byggja upp iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri eða endurkaupsvirði. Þróun iðgjaldsfrís tryggðs lífeyris og endurkaupsvirðis er sýnd í tryggingarskírteininu.

---

## § 25. Fyrir hvað getum við krafði þig sérstaklega um kostnað?

---

(1) Ef eitthvað af þínum völdum orsakar aukaleg stjórnsýsluumsvif getum við – ef ekki var samið um annað – reiknað þér meðaltalskostnað í slíkum tilvikum sérstaklega til skuldar sem fast gjald. Það gildir við:

- Útgáfu varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrit af tryggingarskírteininu
- Skriflega gjaldfrestsveitingu þegar framhalds-iðgjöld eru ekki greidd
- Vanskil iðgjalda

- Endursendingu skuldfærslubeiðni
- Frágang samningsbreytinga
- Vinnu við afsöl og veðsetningar

(2) Ef þú sendir iðgjöldin frá stað eða við sendum greiðslu til staðar utan Sambandslýðveldisins Þýskalands höfum við rétt til að skuldfæra allt að því 10 € fyrir hverja sendingu. Við getum breytt gjaldinu til framtíðar eftir sanngjörnu mati (§ 315 Borgaralegrar lögbókar).

---

## § 26. Hvernig færð þú hlutdeild í hagnaði okkar?

---

Við veitum þér og öðrum tryggingartökum hlutdeild í hagnaðinum sem tilgreindur er árlega í ársuppgjöri okkar.

### (1) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka

(a) Hagnaðurinn fæst aðallega með tekjum af fjárfestingum. Af nettótekjum þeirra fjárfestinga sem ætlaðar eru til tryggingargreiðslna í framtíðinni (§ 3 í “Reglugerð um lágmarks-iðgjaldsendurgreiðslu við líftryggingu”) fá tryggingartakarnir samtals að minnsta kosti prósentustigið sem tilgreint er í reglugerðinni. Í núverandi gerð reglugerðarinnar er mælt fyrir um 90%. Með þessari upphæð er fyrst fjármögnuð tryggð ávöxtun bótasjóðsins. Fjármagnstekjurnar sem þá eru eftir notum við í hagnaðarhlutdeild tryggingartakanna.

Frekari hagnaður verður til ef dánartíðni og kostnaður verða hagkvæmari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tryggingartakarnir fá einnig hæfilega hlutdeild í þessum hagnaði.

(b) Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið til hagnaðarins. Við höfum því sett sambærilegar tryggingar saman í flokka. Hagn-

aðarflokka myndum við til að taka tillit til áhættunnar sem er tryggð, t.d. andláts- eða örorkuáhættu. Undirflokkar miðast við sérkenni samninga, t.d. tryggingarbyrjun og form iðgjaldagreiðslu. Hagnaðinum fyrir tryggingartaka er deilt á flokkana í samræmi við framlag.

### (2) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild samnings þíns

(a) Til hvaða flokks tryggingarþáttur þinn telst sérð þú í tryggingarskírteininu. Háð þeirri flokkun veitum við þínum þætti hlutdeild í áunnum hagnaði í byrjun hvers tryggingarárs (árleg hagnaðarhlutdeild). Við birtum hagnaðarhlutdeildarprósenturnar í ársreikningi okkar eða tilkynnum þér um þær á annan hátt.

(b) Stuðlarnir, sem hagnaðarhlutdeildarprósenturnar miðast við, fara einkum eftir tryggingarþætti, aldri hins tryggða, lengd tryggingartíma og upphæð tryggðs höfuðstóls. Þær eru reiknaðar út eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

(c) Með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til

annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldslausan rétt til aukagreiðslu (iðgjaldabónus).

Iðgjaldabónus myndast úr sömu þáttum og trygging þín en í honum felst þó ekki þátturinn höfuðstóll við andlát af slysförum. Ef þátturinn höfuðstóll við andlát er innifalinn samsvarar höfuðstóll við andlát í iðgjaldabónus alltaf tryggðum höfuðstól til ellilífeyris. Að öðru leyti eru greiðslur úr bónusnum í sama hlutfalli innbyrðis og greiðslur úr tryggingu þinni með eftirfarandi undantekningum:

- Ef eftirlífendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun er innifalinn gildir eftirfarandi takmörkun um eftirlífendalífeyri úr bónusnum: Hann má ekki vera hærri en innifalinn eftirlífendalífeyrir eftir lífeyrisgreiðslubyrjun.

Hann má ekki vera hærri en ellilífeyririnn ef eftirlífendalífeyrir eftir lífeyrisgreiðslubyrjun er ekki innifalinn.

- Ef örorkulífeyrir er innifalinn má örorkulífeyririnn ekki vera hærri en ellilífeyririnn.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af þáttareglunum sem um það gilda.

Iðgjaldabónus á aftur hlutdeild í hagnaðinum. Ef þátturinn höfuðstóll við andlát er innifalinn eða þátturinn eftirlífendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun með tafarlausri hagnaðarhlutdeild er hún í fyrstu ákveðin fyrir fram miðað við hagnað sem fæst ekki fyrr en á seinni árum. Við ákvörðun árlegs hagnaðarhluta tryggingar þinnar er tekið mið af áður greiddri tafar-

lausri hagnaðarhlutdeild samkvæmt reglum tryggingastærðfræðinnar. Með þeim hagnaðarhluta sem eftir er fjármögnum við í þessu tilviki iðgjaldslausan rétt samkvæmt tölulíð 1.

(d) Auk árlegra hagnaðarhluta getur loka-hagnaðarhluti bæst við þegar tryggingargreiðslan gjaldfellur. Upphæð þessa lokahagnaðarhluta er ákveðin miðað við tekjuafgang hvert sinn og birt í ársskýrslu eða tilkynnt þér á annan hátt.

(e) Með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við hækkandi hagnaðarlífeyri eftir að lífeyrisgreiðsla hefst. Í honum felst aukalegur iðgjaldslaus ellilífeyrir og hækkun áður áunnins ellilífeyris. Ef eftirlífendalífeyrisþáttur er innifalinn eftir lífeyrisgreiðslubyrjun felur hækkandi hagnaðarlífeyrir líka í sér eftirlífendalífeyri. Hlutfall hans við ellilífeyririnn er það sama og samsvarandi hlutfall við lífeyrisgreiðslubyrjun. Árleg hækkun heildargreiðslu fer fyrst fram ári eftir að lífeyrisgreiðsla hefst, þá er fundin út hækkun heildargreiðslu fyrra árs í prósentum.

Breyting hagnaðarhlutdeildarprósentsunnar getur ekki aðeins breytt framtíðarhækkunum heldur einnig greiðslum sem þegar eru til komnar vegna hagnaðarhlutdeilda. Við byrjun lífeyrisgreiðslu og við allar seinni breytingar upplýsum við þig um upphæð áðurnefndrar iðgjaldslausrar aukagreiðslu og hækkunarhlutfallið.

---

## § 27. Hvaða réttarreglur gilda um samning þinn?

---

Um samning þinn gilda réttarreglur Sambandslýðveldisins Þýskalands.

---

## § 28. Hvar er hægt að bera kröfur undir dómstóla?

---

(1) Kröfur gegn okkur sem byggja á tryggingarsamningi þínum er hægt að bera undir dómstól sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eða útibú eru. Hafir þú tekið trygginguna með milligöngu tryggingaumboðsmanns er einnig hægt að leita til dómstóls á þeim stað þar sem umboðsmaðurinn hafði skrifstofu sína þegar miðlunin fór fram eða, ef hann hafði enga, þar sem hann hafði lögheimili.

(2) Við getum lagt fram kröfur sem byggja á tryggingarsamningnum við dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili. Ef þú átt viðskipta- eða atvinnufyrirtæki getur varnarþing, lögum samkvæmt, einnig verið dómstóll sem hefur lögsögu þar sem aðsetur eða útibú viðskipta- eða atvinnufyrirtækis þíns er.

---

## Breytingar og viðbætur við almenna tryggingarskilmála fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir

---

Hvað gildir þegar samið er um árlega hækkandi tryggðan lífeyri:

FL 1 Í stað § 1 töluliður 1 kemur:

„(1) Lifi hinn tryggði eða allir hinir tryggðu umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við hækkandi tryggðan lífeyri meðan hinn tryggði eða minnst einn hinna tryggðu lifir. Við greiðum lífeyrinn samkvæmt umsömdum lífeyrisgreiðsluhætti árlega, á hálfis árs fresti, ársfjórðungslega eða mánaðarlega á fyrsta virka degi eftir umsaminn gjalddaga.

Umsamin árleg hækkun tryggðs lífeyris kemur fyrst til framkvæmda einu ári eftir að lífeyrisgreiðsla hefst og þá er hækkun tryggðs lífeyris, sem greiddur var árið á undan, ákveðin í prósentum.“

Í stað § 1 töluliður 4 kemur:

„(4) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og ekki innifalið eftirlífendalífeyri eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og látist hinn tryggði á lífeyrisgreiðslutímanum greiðum við umsaminn höfuðstól að frádregnum þeim lífeyri sem tryggður er frá lífeyrisgreiðslubyrjun og þegar hefur verið greiddur. Þeir hlutar tryggða lífeyrisins sem byggja á hækkunum eru þó ekki dregnir frá. Með greiðslu upp-hæðarinnar fellur tryggingin niður.“

Í stað § 1 töluliður 5 kemur:

„(5) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og innifalið eftirlífendalífeyri eftir lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við umsaminn höfuðstól við andlát þess sem lengst lifir (hins tryggða eða hins samtryggða) að frádregnum einum þeim ellilífeyri sem tryggður er frá lífeyrisgreiðslubyrjun fyrir hvern lífeyrisgreiðslugjalddaga sem sá hefur lifað sem lengst lifði. Þeir hlutar tryggða lífeyrisins sem byggja á hækkunum eru þó ekki dregnir frá. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.“

Í stað § 26 töluliður 2 e kemur:

„(e) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – árlega, á þeim degi sem lífeyrisgreiðsla hófst, aukalega, iðgjaldslausa hækkandi greiðslu. Í henni felst ellilífeyrir og, ef þátturinn eftirlífendalífeyrir er innifalinn eftir að lífeyrisgreiðsla hefst, eftirlífendalífeyrir. Hlutfall hans við ellilífeyrinn er það sama og samsvarandi hlutfall við lífeyrisgreiðslubyrjun. Hækkunarhlutfall aukalegu, iðgjaldslausu greiðslunnar samsvarar hækkunarhlutfalli umsamins tryggðs lífeyris. Viðbótargreiðslurnar á hverjum tíma eiga eins og tryggðu greiðslurnar sjálfar hlutdeild í hagnaðinum með iðgjaldslausum viðbótargreiðslum.“

Hafir þú samið um „lífendabónus“ gildir sama hækkunarhlutfall fyrir aukalega tryggða lífeyrinn eða greiðsluna (§ 26 töluliður 2 c, málsgrein 1) og um umsaminn tryggðan lífeyri.

## Hvað gildir þegar samið er um frávík í notkun hagnaðarluta á biðtímanum?

### (1) Ef þú hefur samið um einstaklingsbundinn iðgjaldabónus í bakábyrgðartryggingu:

**FL 2** Í stað § 26 töluliður 2 c kemur:

„(c) Með árlegum hagnaðarluta tryggingarpáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldslausan rétt til aukagreiðslu (einstaklingsbundinn iðgjaldabónus).

Í þessum greiðslum felast aukalegur tryggður höfuðstóll til ellilífeyris og aukalegur höfuðstóll við andlát. Við höfuðstól við andlát samsvara bónusgreiðslurnar alltaf tryggðum höfuðstól til ellilífeyris. Upphæðin ákvarðast af þáttareglunum sem um þá gilda. Iðgjaldabónusarnir eiga aftur hlutdeild í hagnaðinum.“

### (2) Ef þú hefur samið um „lífendabónus tilbrigði E“:

**FL 3** Í stað § 26 töluliður 2 c, málsgrein 1 kemur:

„(c) Með árlegum hagnaðarluta tryggingarpáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldslausan rétt til aukalegs tryggðs lífeyris (lífendabónus).

Hafir þú samið um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun felst sú andláts-tryggingarvernd einnig í lífendabónus. Lífendabónus á aftur hlutdeild í hagnaðinum og gjaldfellur með tryggða lífeyrinum úr grunnþættinum.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af þáttareglunum sem um þá gilda.“

### (3) Ef þú hefur samið um „lífendabónus tilbrigði T“:

**FL 4** Í stað § 26 töluliður 2 c kemur:

„(c) Með árlegum hagnaðarluta tryggingarpáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldslausan rétt til aukagreiðslu (lífendabónus).

Í þessum greiðslum felst fyrst aukalegur tryggður lífeyrir. Frá þeim tíma þegar heildarupphæð þávírðis grunnþáttarins, þáttarins höfuðstóll við andlát og lífendabónussins yrði hærri en heildargreiðsla við andlát felur lífendabónusinn einnig í sér aukalegan þátt höfuðstóls við andlát. Hann er þannig gerður að heildarupphæð þávírðis grunnþáttarins, þáttarins höfuðstóll við andlát og lífendabónussins samsvarar heildargreiðslu við andlát.

Hafir þú samið um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun felst sú andláts-tryggingarvernd einnig í lífendabónus. Lífendabónus á aftur hlutdeild í hagnaðinum og gjaldfellur með greiðslunni úr grunnþættinum.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af þáttareglunum sem um þá gilda.“

### **FL 5** (4) Ef þú hefur samið um „millifærslu“ innan hópsamninga:

Svo lengi sem iðgjöld eru greidd á biðtímanum gildir eftirfarandi í stað ákvæðanna í § 26 tölulið 2 c:

„Árlegir hagnaðarlutar eru millifærðir á móti iðgjöldunum með þeim hætti sem þau eru greidd eða, ef við á, færðir til tekna á iðgjaldareikningi samningsaðilans.“

## Hvað gildir þegar samið er um frávík í notkun hagnaðarlutdeildar eftir að lífeyrisgreiðsla hefst?

**(1) Ef þú hefur samið um „útborgun hagnaðarluta“:**

**FL 6** Í stað § 26 töluliður 2 e kemur:

„(e) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst greiðum við árlegan hagnaðarluta tryggingarpáttar þíns og árlegan hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – í reiðufé með ellilífeyrinum á sama hátt og hann er greiddur, í fyrsta sinn á þeim degi þegar eitt ár er liðið frá því að lífeyrisgreiðsla hófst.“

**(2) Ef þú hefur samið um „viðbótarlífeyri“:**

**FL 7** Í stað § 26 töluliður 2 e kemur:

„(e) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarluta tryggingarpáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – árlega, á þeim degi sem lífeyrisgreiðsla hófst, aukalega, iðgjaldslaus greiðslu. Í henni felst ellilífeyrir og, ef þátturinn eftirlífendalífeyrir er innifalinn eftir lífeyrisgreiðslubyrjun, eftirlífendalífeyrir. Hlutfall hans við ellilífeyrinn er jafnt og samsvarandi hlutfall við lífeyrisgreiðslubyrjun. Viðbótargreiðslurnar á hverjum tíma eiga eins og tryggðu greiðslurnar sjálfar hlutdeild í hagnaðinum með iðgjaldslausum viðbótargreiðslum.“

**(3) Ef þú hefur samið um „samsettan hagnaðarlífeyri“:**

**FL 8** Í stað § 26 töluliður 2 e kemur:

„Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarluta tryggingarpáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – samsettan hagnaðarlífeyri. Í honum felst aukalegur, iðgjaldslaus ellilífeyrir og hækkun áður áunnins ellilífeyris. Ef þátturinn eftirlífendalífeyrir er innifalinn eftir lífeyrisgreiðslubyrjun felur samsettur hagnaðarlífeyrir einnig í sér eftirlífendalífeyri. Hlutfall hans við ellilífeyrinn er jafnt og samsvarandi hlutfall við lífeyrisgreiðslubyrjun. Árleg hækkun heildargreiðslu fer fyrst fram 6 árum eftir að lífeyrisgreiðsla hefst og þá er fundin út hækkun heildargreiðslu fyrra árs í prósentum.

Breyting hagnaðarlutdeildarprósentunnar getur ekki aðeins breytt framtíðarhækkunum heldur einnig greiðslum sem þegar eru til komnar vegna hagnaðarlutdeildar. Við upphaf lífeyrisgreiðslu og við allar seinni breytingar upplýsum við þig um upphæð áðurnefndrar iðgjaldslausrar aukagreiðslu og hækkunarhlutfallið.“

**Hvað gildir þegar samið er um frávík í notkun hagnaðarlutdeildar eftir að tímabundin lífeyrisgreiðsla hefst?**

**(1) Ef þú hefur samið um „viðbótarlífeyri“:**

**FL 9** Í stað § 26 töluliður 2 e kemur:

„(e) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarluta tryggingarpáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta árlega – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – á þeim degi sem lífeyrisgreiðsla hófst, aukalegan, iðgjaldslausan tímabundinn lífeyri. Viðbótargreiðslurnar á hverjum tíma eiga eins og tryggðu greiðslurnar sjálfar hlutdeild í hagnaðinum með iðgjaldslausum viðbótargreiðslum.“

**(2) Ef þú hefur samið um „samfelldan hagnaðarlífeyri“:**

**FL 10** Í stað § 26 töluliður 2 e kemur:

„(e) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarluta tryggingarpáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – samfelldan hagnaðarlífeyri. Í honum felst aukalegur, iðgjaldslaus tímabundinn lífeyrir.

Breyting hagnaðarlutdeildarprósentunnar getur ekki aðeins breytt framtíðarhækkunum heldur einnig greiðslum sem þegar eru til komnar vegna hagnaðarlutdeildar. Við upphaf lífeyris-

greiðslu og við allar seinni breytingar upplýsum við þig um upphæð áður nefnds iðgjaldslaus lífeyris.“

### Hvað gildir um tryggingar innan hópsamninga?

**FL 11** 1. Orðin „trygging“ og „samningur“ eiga – sérstaklega varðandi tryggingargreiðslur og fresti – við hina einstöku (hluta-)tryggingu en ekki við hópsamninginn.

2. „Iðgjald“ í § 9 á við upphafsstöðu hópsamningsins.

3. Réttaráhrif við greiðslutafir, sem nefnd eru í § 11, gilda um hópsamninginn þótt aðeins sé um hlutavanskil að ræða.

4. Ef þú hefur innfalið sameiginlega eftirlifendaframskýrslu kemur eftirfarandi í stað § 15, töluliðar 4 og 5:

„(4) Segir þú upp tryggingu þinni og og greiðir iðgjöld jafnóðum fellum við niður iðgjöld af tryggingu þinni samkvæmt § 14 tölulið 1. Ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir er lægri en 300 € á ári greiðum við þess í stað endurkaupsvirðið útreiknað samkvæmt töluliðum 2 og 3. Með greiðslu iðgjaldsins fellur trygging þín niður.

(5) Ef trygging þín er iðgjaldsfrí getur þú ekki sagt upp tryggingu þinni.“

### Hvað gildir um tryggingar á sértóxtum?

**FL 12** Í stað § 14 töluliður 1, málsgrein 4 kemur:

„Ef trygging er iðgjaldsfrí á fyrri helmingi umsamins iðgjaldsgreiðslutíma nemur frádrátturinn 50 € og við það bætist ef biðtíminn er

allt að 10 árum	0,8%
frá 11 til 24 ár	0,6%
yfir 25 ár	0,5%

af mismuni milli meðaltals tryggðs höfuðstóls undanfarins tryggingatíma og heildarupphæð iðgjalda sem greidd voru uns tryggingin varð iðgjaldsfrí.“

### Hvað gildir um beina tryggingu?

**FL 13 (1) Aðlögun iðgjalds að heildarupphæðarmörkum skv. § 40 b (þýskra) tekjuskattslaga**

Um beinar tryggingar með iðgjaldagreiðslum jafnóðum gildir að þú getur farið fram á að tryggður lífeyrir verði aðlagður með hækkun tryggingariðgjaldsins ef hámarksupphæðir fyrir skattalegan stuðning við iðgjöld beinna trygginga (nú heildarupphæðarmörk í § 40 b (þýskra) tekjuskattslaga) eru hækkaðar. Þú átt rétt á hækkun iðgjalds allt að þeirri upphæð sem hámarksupphæðin fyrir skattalegan stuðning við iðgjöldin (nú heildarupphæðarmörk í § 40 b (þýskra) tekjuskattslaga) er hækkuð um. Möguleikinn á iðgjaldshækkun fellur niður ef hann er ekki nýttur fyrir 31.12. almanaksársins sem fer á eftir breytingu hámarksupphæðanna.

Hækkun tryggðs lífeyris vegna iðgjaldsaðlögunar sökum hækkunar hámarksupphæðanna er reiknuð út eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar og miðast m.a. við hæð aðlögunarinnar og aldurinn sem hinn tryggði hefur þegar náð. Við tilkynnum þér um breytinguna ef þú vilt nýta þér réttinn til aðlögunar.

Forsenda fyrir hækkun tryggðs lífeyris eða tryggingariðgjalds er að heilsufarsástand hins tryggða þegar samningnum er breytt mundi leyfa gerð samnings um nýja samsvarandi tryggingu eftir samþykktarreglum okkar án örðugri skilyrða.

### (2) Yfirfærsla við vinnuveitandaskipti

Þegar beinum tryggingum er haldið áfram á grundvelli samningsins um yfirfærslu beinna trygginga við vinnuveitendaskipti er hægt að sleppa frádrætti og læknisskoðun við yfirfærsluna eða yfirtökuna. Reiknaður samningsgerðarkostnaður er heldur ekki lagður aftur á beina tryggingu svo fremi að áframhald tryggingarinnar byggi á jafngildum tryggingargreiðslum.

### (3) Stytting iðgjaldagreiðslu- og/eða biðtíma.

Möguleikinn til að stytta iðgjaldagreiðslutímann og/eða biðtímann (sjá § 13 tölulið 1) er takmarkaður við lágmarksaldur samkvæmt § 40 b (þýskra) tekjuskattslaga.

#### **(4) Greiðslutíma flýtt**

Samkvæmt § 40 b (þýskra) tekjuskattslaga er í fyrsta lagi hægt að flýta greiðslu (sjá § 5 tölulið 1) eftir lok 59. æviárs.

### **Hvað gildir um ellilífeyri fyrirtækis?**

#### **FL 14 (1) Einstök viðbótargreiðsla eftir umbreytingu í iðgjaldsfría tryggingu**

Um tryggingar sem samið var um innan ramma ellilífeyris fyrirtækis gildir að eftir umbreytingu í iðgjaldsfría tryggingu getur þú innan 6 mánaða hækkað iðgjaldslausan tryggðan lífeyri með einstakri viðbótargreiðslu og án læknisskoðunar. Hækkunin getur þó aðeins náð andvirði iðgjaldsskylds tryggðs lífeyris sem gildi þegar tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef fleiri þættir felast í iðgjaldsfríu tryggingunni hækka tryggðar greiðslur úr þeim þannig að hlutfall greiðslna úr einstökum þáttum hvers til annars helst það sama og í iðgjaldsfríu tryggingunni.

Hækkun iðgjaldslausu tryggingagreiðslunnar sem verður við viðbótargreiðsluna er reiknuð út eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar og miðast við ákvæði sem gilda um það við hækkun.

Innir þú viðbótargreiðsluna af hendi jafnframt umbreytingu í iðgjaldslausan tryggðan lífeyri verður iðgjaldslausni tryggði lífeyririnn eftir viðbótargreiðsluna að ná ársupphæðinni samkvæmt § 14 tölulið 2.

#### **(2) Iðgjaldsgreiðsla**

Einnig þegar iðgjald er greitt mánaðarlega er hægt að semja um það að iðgjaldsgreiðslan fari ekki fram með skuldfærslu – í þessu tilviki fellur § 10 töluliður 2, síðasta málsgrein, brott.

### **Hvað gildir ef þú semur um að hafna möguleikanum á að velja milli tryggðs lífeyris og höfuðstólsgreiðslu samkvæmt § 3?**

**FL 15** 1. Í tryggingu þinni er ekki samið um „tryggðan höfuðstól“. Reglurnar í tryggingarskilmálunum sem eiga við tryggðan höfuðstól eru þar með merkingarlausar fyrir tryggingu þína. Meðaltal tryggðs höfuðstóls sem nefnt er í § 14 tölulið 1 er aðeins notað sem grundvöllur til að reikna út iðgjaldslausan tryggðan lífeyri (sjá einnig ábendingu í tryggingarskírteininu).

2. § 3 fellur brott.

3. § 4 töluliður 5 fellur brott.

4. § 6 og § 7 töluliður 2:

Möguleikana sem tilgreindir eru hefur þú aðeins ef heilsufarsástand hins tryggða þegar breytingin fer fram mundi leyfa gerð samnings um nýja samsvarandi tryggingu eftir samþykktarreglum okkar án örðugri skilyrða.

5. § 7 töluliður 3 fellur brott.

6. Í stað § 15 töluliður 4 kemur:

„- Segir þú upp tryggingu þinni og eftirlífendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun er ekki innifalinn og greiðir þú iðgjöld jafnóðum gerum við tryggingu þína iðgjaldsfría samkvæmt § 14 tölulið 1. Ef iðgjaldalaus tryggður lífeyrir er lægri en 300 € á ári greiðum við þess í stað endurkaupsvirðið útreiknað samkvæmt töluliðum 2 og 3.

- Segir þú upp tryggingu þinni og hafir þú samið um eftirlífendalífeyri fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun reiknum við út endurkaupsvirðið samkvæmt töluliðum 2 og 3. Ef það er hærra en tutt-

ugufalt ársiðgjald nefnds eftirlífendalífeyris greiðum við þetta tuttugufalda ársiðgjald. Tryggingunni er haldið áfram iðgjaldsfrítt með lækkuðum framtíðarlífeyri. Hann má ekki fara niður fyrir árlega upphæð sem nemur 300 €. Annars greiðum við endurkaupsvirðið sem eftir er og tryggingin fellur niður.“

### **Hvað gildir um tryggingar innan ramma barnabótalífeyris?**

#### **FL 16 (1) Notkun hagnaðarhluta**

Þegar menntun hins tryggða hefst getur þú notað hagnaðarhluta tryggingar þinnar lengst í 6 ár til iðgjaldalækkunar. Forsenda þess er að tryggingarsamningurinn hafi þegar staðið í 8 ár. Lækkun iðgjalds lýkur í síðasta lagi þegar hinn tryggði nær 30. æviári. Með því að nota hagnaðarhluta til iðgjaldalækkunar lækka tryggingargreiðslurnar.

Þegar menntun hins tryggða hefst, þó í fyrsta lagi þegar 12 ár eru liðin frá samningsgerð, getur þú farið fram á einstaka útborgun úr hagnaðarhlutdeildinni. Útborgunin getur náð allt að heildarupphæð áður úthlutaðra hagnaðarhluta.

#### **(2) Yfirfærsla samnings tryggingataka til hins tryggða**

Þegar hinn tryggði er orðinn fullra 18 ára getur þú yfirfært samning tryggingataka til hins tryggða. Þar með verður hann viðsejandi okkar.

### **Hvað gildir þegar samið er um frávík við höfuðstólsgreiðslu við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun?**

#### **FL 17 Í stað § 1 töluliður 4 kemur:**

„(4) Deyi hinn tryggði á lífeyrisgreiðslutímanum greiðum við tryggðan höfuðstól áunninn eftir lífeyrisgreiðslubyrjun (§ 3) að frádregnum þegar greiddum tryggðum lífeyri frá lífeyrisgreiðslubyrjun. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.“

§ 1 töluliður 5 fellur brott.

§ 6 töluliður 2 fellur brott.

Í stað § 7 kemur:

„Allt til þess að greiðsla ellilífeyris hefst getur þú samið við okkur um það að í stað umsáttinnar höfuðstólsgreiðslu við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun verði tryggð andlátsgreiðsla sem er margfalt hærri en lífeyrir sem tryggður er árlega eftir lífeyrisgreiðslubyrjun. Læknis-sköðun er ekki nauðsynleg. Fyrir upphæð andlátsgreiðslunnar eru efri mörk sem eru m.a. háð umsömdum aldri við lífeyrisgreiðslubyrjun og meðaltalslífslíkum. Við tilkynnum þér um efri mörkin ef óskað er. Fyrir breytta höfuðstólsgreiðslu við andlát kann að verða nauðsynlegt að greiða aukalegt iðgjald. Sú upphæð fer eftir þáttareglum sem um það gilda. Fyrir umsókn um breytingu verður þú að virða sömu fresti og tilgreindir eru í § 3 tölulið 1.

Andlátsgreiðslan sem nýr samningur er gerður um er höfuðstólsgreiðsla við andlát skv. § 1 tölulið 4 í Almennu tryggingarskilmálunum. Eftir breytingu andlátsgreiðslunnar gilda Almennu tryggingarskilmálarnir því án breytingarinnar FL 15.“

§ 8, síðasta og næstsíðasta málsgrein falla brott.

---

## Viðbætur við Almenna tryggingarskilmála

---

### Upplýsingar um hagnaðarútreikninga og hagnaðarhlutdeild

---

#### 1. Hvað er einkennandi fyrir líftryggingu einstaklinga?

---

Einkennandi fyrir líftryggingu einstaklinga er ábyrgð til langs tíma á greiðslu lífeyris eða höfuðstóls til tryggingar í ellinni, verði maður óvinnufær eða þarf umönnun, eða til að vernda eftirlifandi aðstandendur þegar fyrirvinnan fellur frá. Allan tryggingartímann, yfirleitt áratugum saman, ábyrgjumst við greiðslu umsaminnna tryggingarbóta. Fyrir það greiðir þú iðgjöld sem ákveðin eru við samningsgerð.

Þessi ábyrgð veitir þér nauðsynlegt öryggi fyrir framfærslu þína. Bótafjárhæðin, sem við ábyrgjumst, er óháð breytingum á fjármagnsmarkaði hverju sinni, hugsanlegum kostnaðarhækkunum og þróun tryggðra lífsáhættuþátta (t.d. langlífi, örorku, umönnunarþörf, andlát).

Öll okkar starfsemi miðar að því að við fáum staðið við skuldbindingar okkar. Það krefst varkárni við útreikning gjaldskrár. Við verðum að gera fullnægjandi ráðstafanir vegna hugsanlegrar óhagstæðrar þróunar fjármagnsmarkaða, tryggðra áhættuþátta og kostnaðar. Vegna varkárni í áætlanagerð við útreikning gjaldskrár okkar skilum við hagnaði sem við veitum þér hlutdeild í.

Við gerð ársreiknings finnum við út hagnaðarhlutana. Einstakir tryggingarsamningar fá hlutdeild í hagnaðinum samkvæmt hagnaðarhlutaprósentu sem tilkynnt er í ársbyrjun. Við það hækka tryggingargreiðslur sem við ábyrgjumst eða iðgjaldagreiðslur lækka.

---

#### 2. Hvernig verður hagnaður til?

---

Meginhluti hagnaðarins stafar frá tekjum af fjárfestingum. Til þess að geta ávallt staðið við skuldbindingar okkar vegna tryggingarsamninga verðum við að mynda svonefnda bótasjóði fyrir tryggingargreiðslur sem við ábyrgjumst. Bótasjóður á hverjum tíma samsvarar upphæðinni sem leggja þarf fyrir svo hún, ásamt væntanlegum iðgjöldum og vöxtum, nægi til greiðslu tryggingabóta sem við ábyrgjumst. Í tryggingastærðfræðilegum útreikningi er notuð vaxtaprósentu (viðmiðunarvaxtaprósentu) með efri mörkum sem löggjafinn ákveður. Ákvörðun þessarar hámarksvaxtaprósentu miðar einnig að því að tryggja að staðið verði við samningsskuldbindingar til langs tíma. Útreikningur bótasjóðs tryggingar þinnar byggir á vaxtaprósentunni  $x,xx\%$ .

Á móti bótasjóðunum, sem við færum skuldamegin í uppgjöri okkar, verðum við að setja samsvarandi verðmætar eignir. Þar er aðallega um að ræða lán, veðskuldabréf, verðbréf með föstum vöxtum, hlutabréf og fasteignir. Með þeim verðum við að minnsta kosti að ná þeim vöxtum sem samsvara viðmiðunarvöxtunum við útreikning bótasjóðanna. Auk arðsins er öryggi fjárfestinga okkar einnig mjög mikilvægt. Tryggingargreiðslur eru ætlaðar til langtímaforsjár og þurfa því að vera útreiknanlegar til langs tíma. Þess vegna sýna fjárfestingar okkar nákvæmt jafnvægi arðs og öryggis. Þýska fjármálaeftirlitið, endurskoðendur Allianz og tryggingarfjárvörsludeild Allianz fylgjast með því að öryggi sé tryggt.

Með því að blanda og dreifa fjárfestingum okkar sneiðum við hjá miklum sveiflum í tekjum okkar. Þessar tekjur eru yfirleitt alltaf hærri en viðmiðunarvextirnir og leiða þannig til hagnaðar af fjárfestingunum.

Mikilvægur þáttur í stöðugleika hagnaðarhlutdeildarinnar eru varasjóðir vegna afskrifta. Þeir geta orðið til vegna lögskipaðra matsreglna fyrir fjárfestingar. Í uppgjöri má lögum samkvæmt í hæsta lagi meta þessar fjárfestingar eftir kaupverði eða framleiðslukostnaði. Það hefur einnig áhrif á matið hvort við ætlum að halda fjárfestingunum til frambúðar (langtímafjárfesting) eða aðeins tímabundið (skammtímafjárfesting). Um skammtímafjárfestingu gildir að lækki verðgildið ber að afskrifa til raunvirðis á uppgjörstigi þannig að hagnaður minnkar. Um langtímafjárfestingu gildir hins vegar að aðeins þarf að afskrifa ef lækkan verðgildis er fyrirsjáanlega til frambúðar. Hafi áður verið afskrifað og hækki verðgildi fjárfestingarinnar aftur ber að hækka verðgildið í uppgjörinu samkvæmt því. (svonefnd verðaðlögunarregla). Efri mörk fyrir matshækkun eru kaupverð eða framleiðslukostnaður.

Við viljum skýra þetta með eftirfarandi dæmi:

Ef við höfum keypt hlutabréf félags fyrir 100.000 € ber að skrá þau í uppgjöri sem 100.000 € jafnvel þótt þau séu 150.000 € virði á uppgjörseginum, óháð því hvort um er að ræða langtíma- eða skammtímafjárfestingu. Séu hlutabréfin hins vegar aðeins 80.000 € virði á uppgjörseginum gildir sú upphæð í uppgjörinu fyrir skammtímafjárfestingu, þ.e. við verðum að afskrifa 20.000 € svo hagnaður minnkar. Um hlutabréf í langtímafjárfestingu gildir hins vegar að aðeins er skylt að afskrifa þau niður í 80.000 € ef verðlækkunin er fyrirsjáanlega til frambúðar. Ef verðlækkunin er tímabundin má áfram skrá hlutabréfin í uppgjörinu á 100.000 €. Til verður svonefnd hulin skuld að upphæð 20.000 € sem rýrir umræddan varasjóð vegna afskrifta. Hafi skammtíma- eða langtímafjárfesting verið afskrifuð í 80.000 € og hækki gangvirði hlutabréfanna til næsta uppgjörsdags upp í 130.000 € ber að hækka matið um 20.000 € svo hagnaður eykst. Í uppgjörinu ber (sem hámarksverð) að skrá aftur upprunalegt kaupverð, 100.000 €. Við það verður til varasjóður vegna afskrifta sem nemur 30.000 € sem ber að skrá í viðbæti ársskýrslunnar.

Varasjóðir vegna afskrifta eru nauðsynleg verkfæri líftryggjenda til þess að geta tryggt

stöðugar tekjur yfir löng tímabil. Þeir veita öryggi á óvirkan hátt því gengislækkunar á hlutabréfamörkuðum hafa ekki endilega áhrif á fjárfestingarútkomuna. En við notum þá einnig á virkan hátt, með því t.d. þegar vextir á fjármagnsmarkaði eru svo lágir að við seljum hlutabréf með gengishagnaði til að fá viðbótartekjur. Þá miðum við sérstaklega við væntingar um framvindu á fjármagns- og verðbréfamarkaði og stöðu varasjóðs vegna afskrifta okkar.

Aðeins með nægilegum varasjóðum vegna afskrifta kann að vera mögulegt að fara út í miklar fjárfestingar með gengisáhættu, t.d. í hlutabréfum. Við það skapast tækifæri til þess að fá meira en meðalard með mikilli hlutabréfaeign án þess að slaka jafnframt á öryggis-kröfunum.

Söluhagnaður úr varasjóðum vegna afskrifta og matshækkunar auka tekjurnar af fjárfestingum okkar. Kostnaður við eignausýslu, tap við sölu úr fjárfestingum okkar og hugsanlega nauðsynlegar afskriftir minnka tekjurnar.

Frekari hagnaður getur t.d. orðið til við það að áhættuþátturinn verði í reynd hagstæðari en reiknað var með. Sama gildir ef okkur tekst að spara meira í rekstri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

### **3. Hvernig fá viðskiptavinir okkar hlutdeild í hagnaðinum?**

Hagnaður okkar rennur að langmestu leyti til viðskiptavina okkar. Sérstakar reglur um það eru í reglugerð við § 81 c í tryggingareftirlitslögunum. Samkvæmt þeim verða tryggingartakar að fá minnst 90% allra nettótekna af þeim fjárfestingum sem standa eignamegin í uppgjörinu á móti varasjóðum fyrir tryggingargreiðslur í framtíðinni. Samkvæmt þessari reglugerð verðum við einnig að veita viðskiptavininum okkar hæfilega hlutdeild í þeim hagnaði sem stafar ekki af fjárfestingum.

Hagnaðurinn er reiknaður út árlega samkvæmt fyrirmælum verslunarlagu og tilgreindur innan ramma ársuppgjörs okkar. Það má sjá í ársskýrslu okkar sem við sendum þér gjarnan ef óskað er. Ársuppgjörið er lagt fyrir eftirlitsstofnunina, þýska fjármálaeftirlitið.

Hluta hagnaðarins fyrir tryggingartaka færum við viðskiptavininum beint til tekna sem

svonefnt beint innlegg. Annar hluti er lagður í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslur fyrir hagnaðarhlutdeild á komandi árum. Samtímis tókum við úr þessum varasjóði þá fjármuni sem þarf til að greiða tryggingartökum hagnaðarhlutdeild í viðbót við beina innleggið á yfirstandandi ári.

Eins og varasjóður vegna afskrifta er varasjóður fyrir iðgjaldsendurgreiðslur einnig notaður til þess að jafna út afkomusveiflur með tímanum, þ.e. að halda hagnaðarhlutdeildinni líka stöðugri fyrir viðskiptavininn þegar lægð er á fjármagnsmörkuðum. Varasjóðinn má í grundvallaratriðum aðeins nota fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka. Aðeins með samþykki eftirlitsstofnunarinnar gætum við gripið til hans í undantekningartilvikum í þágu tryggingartaka til að koma í veg fyrir neyðarástand.

---

## 4. Hvernig fær samningur þinn hlutdeild í hagnaðinum?

---

Þar sem mismunandi tryggingartegundir, - t.d. áhættulíftryggingar til að bæta andlát fyrir aldur fram eða lífeyristryggingar til að tryggja ævilangan lífeyri - leggja mismunandi mikið til hagnaðarins setjum við sambærilegar tryggingar saman í flokka. Helsta viðmiðun við myndun slíks flokks er áhættan sem tryggð er. Hagnaðarflokkunum er aftur skipt í undirflokka svo hægt sé að taka tillit til mismunar sem er innan hagnaðarflokksins (t.d. grunnþáttur eða viðbótarþáttur, iðgjaldagreiðslur jafnóðum eða í einu lagi). Hagnaðinum fyrir tryggingartaka er deilt á flokkana í samræmi við framlag.

### 4.1 Hagnaðarhlutdeild þáttanna elli- og eftirlifendaframfærslu og áætlun um menntun barna

#### 4.1.1. Meðan á biðtímanum stendur

Árlegir hagnaðarhlutar þáttanna

- elli framfærsla: framtíðarlífeyrir
- áætlun um menntun barna

og, ef þeir eru innifaldir, þáttanna

- eftirlifendaframfærsla: höfuðstóll við andlát
- eftirlifendaframfærsla: eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun, lífeyrir barna á framfæri

eru saman settir sem hér segir:

- Með vaxtahagnaðarhlutanum veitum við þér hlutdeild í hagnaði af fjárfestingartekjum. Hæð þessa hagnaðarliðar er háð heildarlengd biðtímans, samningstímanum sem þegar er liðinn og tryggðum bótum þáttarins.

- Háð tryggðu þáttunum getur grunnhagnaðarhluti bæst við. Með honum færð þú hluta af áhættuhagnaðinum. Forsendur eru þá áhættufjárhæðin og aldur hins tryggða.

- Fari tryggðar bætur yfir tiltekið hámark getur viðbótarhagnaðarhluti einnig bæst við. Hann er háður heildarupphæð iðgjalda.

Með árlegum hagnaðarhlutum, sem tilgreindir eru fyrir tryggingu þína, fjármögnum við, ef svo er umsamið, tafarlausa hagnaðarhlutdeild sem lækkar iðgjald til greiðslu, og í byrjun næsta tryggingarárs einnig aukalega, iðgjaldsfría tryggingu (bónus).

Í tryggingarskránnu sérð þú hvaða flokkum þættirnir í tryggingu þinni tilheyra. Samningur þinn fær hlutdeild í hagnaðinum með flokkunum sem þar eru tilgreindir. Stjórn fyrirtækis okkar ákveður upphæð hagnaðarhlutans árlega eftir tillögu endurskoðanda okkar. Þá er tekið tillit til þess hvað hver einstakur þáttur hefur að meðaltali lagt fram til hagnaðar viðkomandi flokks. Við birtum hagnaðarhlutdeildarprósenturnar í ársskýrslu okkar, tilkynnum þér um þær í tryggingarskránnu eða á annan hátt.

Bónusinn fær einnig hlutdeild í hagnaðinum. Með stöðugri hækkun bónussins fást þannig tryggðar greiðslur til viðbótar ár eftir ár. Eins og tryggingargreiðslurnar, sem upphaflega var samið um, er ekki hægt að lækka þær, óháð seinni þróun fjármagnsmarkaðarins eða öðrum áhættuþáttum jafnvel á tímabilum þegar tekjuhlutfall er ekki eins hagstætt.

Þar með eru áætlanir þínar mjög öruggar á öllum skeiðum biðtímans:

- Þegar við upphaf tryggingarinnar eru umsamdar greiðslur tryggðar.
- Vegna hagnaðarhlutdeildar er mjög líklegt að farið verði fram úr tryggðum greiðslum.
- Þú átt órifanlegan rétt á hækkunum á bónusgreiðslum sem þegar hafa verið fjármagnaðar með árlegum hagnaðarhlutum. Á þennan hátt hækka sem sagt tryggðar greiðslur frá ári til árs, öryggið varðandi upphæð heildargreiðslna að hagnaðarhlutdeild meðtalinni eykst stöðugt.

Auk árlegra hagnaðarhluta er hægt að bæta lokahagnaðarhluta við tryggingu þína þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur eða biðtíma er lokið. Með þessum lið veitum við þér hlutdeild í hagnaði sem háður er árlegum sveiflum og er því ekki hægt að nota fyrir aukalegar, tryggðar greiðslukröfur. Lokahagnaðurinn miðast við árlega hagnaðarhluta og stuðla sem eru háðir heildarlengd tryggingartímans, samningstímanum sem þegar er liðinn og tryggðum bótum þáttarins.

#### 4.1.2. Á lífeyrisgreiðslutímanum

Við tryggðar greiðslur eftir að lífeyrisgreiðsla hefst úr þáttunum

- elliframfærsla: framtíðarlífeyrir
- áætlun um menntun barna

og, ef hann er innifalinn, úr þættinum

- eftirlifendaframfærsla: eftirlifendalífeyrir eftir lífeyrisgreiðslubyrjun, lífeyrir barna á framfæri

Þæst greiðslur úr hagnaðarhlutdeildinni einnig við á lífeyrisgreiðsluskeiðinu.

Þessar greiðslur felast eftir því sem umsamið er

- í einstakri hækkun heildarlífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun og árlegri hækkun heildarlífeyris frá öðru lífeyrisgreiðsluári (hækkandi hagnaðarlífeyrir)

#### 4.2 Hagnaðarhlutdeild þáttanna örorkuframfærsla, umönnunarbætur, eftirlifendaframfærsla: höfuðstóll við andlát af slysförum og barnalífeyrir

Lýsingu á hagnaðarhlutdeild þessara þátta, hafir þú innifalið þá, finnur þú í “Sérstökum skilmálum”.

- í einstakri hækkun heildarlífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun og árlegri hækkun heildarlífeyris frá sjötta lífeyrisgreiðsluári (samsettur hagnaðarlífeyrir)

- í árlegri hækkun heildarlífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun (stöðugur hagnaðarlífeyrir) í áætlun um menntun barna.

Andvirði hækkandi eða samsetts hagnaðarlífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun er einkum háð tryggðum lífeyri og aldri hins tryggða. Hagnaðarlífeyri í þeirri hæð sem hann hefur náð er ekki hægt að ábyrgjast. Við breytingar á grundvelli útreikninga hagnaðarlífeyrisins geta ekki aðeins hækkar í framtíðinni breyst heldur einnig sá hagnaðarlífeyrir sem þegar hefur verið náð.

Í “Tryggingastærðfræðilegu ábendingunum” finnur þú frekari upplýsingar um hagnaðarútreikninginn.

---

### 5. Hæð hagnaðarhlutdeilda í framtíðinni er ekki hægt að ábyrgjast!

---

Hæð hagnaðarhlutdeildarinnar er háð mörgum áhrifavöldum. Aðaláhrifaþáttur er vaxtaþróun á fjármagnsmarkaði. En framvinda áhættuþátta og kostnaður skipta einnig miklu máli. Ekki eru allir áhrifaþættir fyrirsjáanlegir, ekki síst vegna langs samningstíma, og við höfum aðeins takmörkuð áhrif á þá. Þess vegna er ekki hægt að ábyrgjast óviðmiðaða hæð hagnaðarhlutdeilda í framtíðinni. Með trygg-

ingarskírteininu færð þú líkansútreikning heildargreiðslunnar.

Þar er sýnd sú greiðsla sem kemur til útborgunar ef sú hagnaðarhlutdeild sem gildir við gerð samnings þíns yrði óbreytt allan tryggingartímann. Auk þess sýnum við þar líka hvaða áhrif hækkun eða lækkun vaxtahagnaðarhlutans hefði á greiðsluna. Við upplýsum þig árlega um þróun hagnaðarhlutdeildarinnar.

# Tryggingastærðfræðilegar ábendingar varðandi upplýsingar um hagnaðarútreikninga og hagnaðarhlutdeild

---

## 1. Almenn

---

Stuðlar fyrir hagnaðarhlutana eru reiknaðar út samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar. Við útreikningana ákváðum við viðmiðunarvexti  $x, x\%$ . Fyrir þætti sem reiknaðir eru út miðað við ævilengd notum við dánartíðnitöfluna „DAV 1994 R fyrir karla eða konur.“ Fyrir þætti sem reiknaðir eru út miðað við andlát notum við í tilvikinu „höfuðstól við andlát“ dánartíðnitöfluna „DAV 1994 T fyrir karla eða konur“ og fyrir hóp gjaldskrár eigin dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZST95 fyrir karla eða konur“ og í tilvikinu „eftirlifendalífeyrir“ eigin dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ99 fyrir karla eða konur“ og fyrir hóp gjaldskrár“ eigin dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZST99 fyrir karla“ og „AZ99 fyrir konur.“

## 2. Hagnaðarútreikningur á biðtímanum

---

Hagnaðarhlutar eru reiknaðir út fyrir hvern þátt fyrir sig.

### 2.1. Árlegir hagnaðarhlutar

Árlegur hagnaðarhluti er samanlögð heildarupphæð úr vaxtahagnaðarhlutanum, grunnhagnaðarhlutanum og, ef tryggðar bætur fara yfir tiltekna upphæð, úr viðbótarhagnaðarhlutanum 1).

1) Fyrir bónusinn er ekki veittur neinn viðbótarhagnaðarhluti.

#### 2.1.1. Áætlunarstuðull fyrir vaxtahagnaðarhlutann

Áætlunarstuðull er fjárvirði tryggingarinnar, reiknað til loka liðs tryggingarárs og að viðbættum eins árs viðmiðunarvöxtum. Þá er verðgildi tryggingarinnar í reiðufé skilgreint sem fjárvirði ógoldinna umsaminna tryggingargreiðslna að viðbættum reiknuðum framtíðarkostnaði í reiðufé að frádregnum ógoldnum iðgjöldum í reiðufé.

#### 2.1.2. Áætlunarstuðull fyrir grunnhagnaðarhlutann

Dánarlíkur margfaldaðar með áhættuhöfuðstól, reiknað til loka liðs tryggingarárs og að viðbættum eins árs viðmiðunarvöxtum.

Grunnhagnaðarhluti er aðeins veittur í þáttum þar sem reiknuð brottfallsregla er miðuð við andlát. Í þættinum „eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun“ er sá hluti eftirlifendalífeyrisins reiknaður út með andlátsmiðaðri brottfallsreglu sem fer yfir lágmarksverðgildið. Lágmarksverðgildið er sú hæð ellilífeyrisins sem kæmi fram ef heildarhöfuðstólsgreiðslan væri notuð fyrir ellilífeyri án dánarbóta og eftirlifendalífeyris eftir lífeyrisgreiðslubyrjun.

#### 2.1.3. Áætlunarstuðull fyrir viðbótarhagnaðarhlutann

Reiknuð heildariðgjaldaupphæð.

### 2.2. Lokahagnaðarhluti

Lokahagnaðarhlutinn er settur saman úr venjulegum lokahagnaðarhluta og sérstökum lokahagnaðarhluta.

#### 2.2.1. Venjulegur lokahagnaðarhluti

Áætlunarstuðull:

Heildarupphæð árlegra hagnaðarhluta án bónuss, að viðbættum vöxtum með vaxtaþrósentum sem ákveðin eru fyrir það fyrir hvert tryggingarár.

Gjalddagar:

- Frá byrjun tryggingarársins sem byrjar þegar þriðjungur er liðinn af biðtímanum, í síðasta lagi frá byrjun 11. tryggingarársins eða

- á síðustu 5 árum biðtímans ef hinn tryggði hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri.

2) Í félagatryggingum: Á síðustu 5 árum biðtímans ef sá elsti hinna tryggðu hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri.

Í áætlun um menntun barna: Á síðustu 5 árum biðtímans.

### **2.2.2. Sérstakur lokahagnaðarhluti**

Áætlunarstuðull:

- Fjárvirði þáttarins án bóness á gjalddaga. Fellur brott í þáttunum eftirlífendalífeyrir: höfuðstóll við andlát og eftirlífendalífeyrir frá lífeyrisgreiðslubyrjun.
- Árlegur hagnaðarhluti fyrir tryggingarár gjalddagans.

Gjalddagi:

- Á síðasta ári biðtímans eða
- Á síðustu 5 árum biðtímans ef hinn tryggði hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri.

---

## **3. Hagnaðarútreikningur á lífeyrisgreiðslutímanum**

---

### **3.1. Hagnaðarlífeyrir**

Heildarlífeyririnn á fyrsta ári lífeyrisgreiðslutímans er reiknaður út á grundvelli fjárvirðis tryggðra greiðslna við lífeyrisgreiðslubyrjun að meðtöldum reiknuðum kostnaði og framtíðargreiðslum (hver fyrir sig metin með sérstaklega tilgreindum forsendum) sér í lagi þar sem tillit er tekið til jafngildisreglunnar.

### **3.2. Viðbótarlífeyrir**

Áætlunarstuðull fyrir árlegan hagnaðarluta:

Fjárvirði tryggingarinnar, reiknað til loka liðins tryggingarárs. Þá er fjárvirði tryggingarinnar skilgreint sem fjárvirði vangoldinna umsaminna tryggingargreiðslna að viðbættum reiknuðum framtíðarkostnaði.